



Mat fjölmiðlanefndar

á því hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt
almannþjónustuhlutverk sitt 2017



FJÖLMIDLANEFND

EFNISYFIRLIT

1. Yfirlit og helstu niðurstöður	9
1.1 Fjórða mat fjölmiðlanefndar á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins	9
1.2 Helstu niðurstöður	10
2. Hlutverk Ríkisútvarpsins og hlutverk fjölmiðlanefndar	13
2.1 Hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins	13
2.2 Fjölmiðlar sem veita fjölmiðlaþjónustu í almannaðágu hér á landi	14
2.3 Hlutverk fjölmiðlanefndar	14
2.4 Hugtakanotkun og hliðsjónargögn	14
2.5 Sérstök markmið samkvæmt samningi mennta- og menningarmála-ráðherra og Ríkisútvarpsins	15
3. Mat fjölmiðlanefndar á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins 2017	17
3.1 Skipting dagskrárefnis sjónvarpi og útvarpi	17
3.1.1 Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi	17
3.1.2 Skipting dagskrárefnis í útvarpi	19
3.2 Menningarhlutverk	21
3.2.1 Málstefna	21
3.2.2 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum	22
3.2.3 Aukið framlag til leikins íslensks efnis	24
3.2.4 Áhersla á íslenskt efni fyrir börn	25
3.2.5 Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis	31
3.2.6 Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins	32
3.2.7 Umfjöllun um íþróttir	33
3.2.8 Önnur menningarumfjöllun og menningarefni	35
3.3 Lýðræðishlutverk	40
3.3.1 Fréttþjónusta	41
3.3.2 Kosningaumfjöllun Ríkisútvarpsins 2017	41

3.4 Samfélagshlutverk	47
3.4.1 Stefnumótun og aðkoma almennings að henni	47
3.4.2 Skoðunarferðir og fræðsluheimsóknir	48
3.4.3 Þjónusta við landsbyggðina	48
3.4.4 Öryggismál og almannahlutverk	49
3.4.5 Dreifikerfi	51
3.4.6 Aðgengismál	52
3.4.7 Jafn réttur karla og kvenna	53
3.5 Nýmiðlun og tækniþróun	55
3.6 Innra eftirlit og gæðamál	58
3.7 Kvartanir vegna viðskiptaboða og dagskrárefni	59
3.7.1 Kvartanir vegna dagskrárefnis	60
3.7.2 Kvartanir vegna viðskiptaboða	61
3.8 Fjárhagslegur aðskilnaður almanna- og samkeppnisþjónustu	61
4. Viðauki	67
1. Auglýsingar og kostun	67
2. Listi yfir efni frá sjálfstæðum framleiðendum sem sýnt var á RÚV 2017	68

Fjölmiðlaþjónusta Ríkisútvarpsins í almannapágu hefur það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda.

1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013



Árlegt mat fjölmiðlanefndar á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins 2017

Útgefandi: Fjölmiðlanefnd

Hönnun: Ómar Örn Sigurðsson

Myndir: Ríkisútvarpið

Nánari upplýsingar: postur@fjolmidlanefnd.is / www.fjolmidlanefnd.is



MAT FJÖLMIÐLANEFNDAR


Það er mat fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaðjónustuhlutverk sitt árið 2017, skv. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu nr. 23/2013.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,


Einar Hugi Bjarnason




María Rún Bjarnadóttir



Finnur Beck



Róbert H. Haraldsson





1. Yfirlit og helstu niðurstöður

1.1 Fjórða mat fjölmiðlanefndar á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins

Fjölmiðlanefnd leggur árlega sjálfstætt mat á það hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaðjónustuhlutverk sitt samkvæmt lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013. Skýrsla þessi hefur að geyma mat fjölmiðlanefndar á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins fyrir árið 2017. Er þetta í fjórða sinn sem fjölmiðlanefnd skilar slíku mati til mennta- og menningarmálaráðherra og í annað sinn sem matið byggist á fyrirbyggjandi samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaðjágu.

Ríkisútvarpinu er lögum samkvæmt ætlað að sinna mikilvægu lýðræðislegu, menningarlegu og samfélagslegu hlutverki. Einn tilgangur með árlegu mati fjölmiðlanefndar er að veita innsýn í hlutverk fjölmiðla sem sinna almannaðjónustu, hvernig Ríkisútvarpið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til slíkra miðla og hvort þjónusta Ríkisútvarpsins hefur þróast í takt við tæknibreytingar og þarfir samtímans.

Annar tilgangur með matinu er að uppfylla kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu, sbr. skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Heimilt er að veita ríkisstyrki til útvarpsþjónustu í almannaðjágu þegar uppfylltar eru lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir samfélagsins, auk menningarlegs og tungumálalegs fjölfræðis, eins og kveðið er á um í undanþáguheimild 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Þær upplýsingar sem fram koma í skýrslu þessari eru því nauðsynlegar til að unnt sé að veita Ríkisútvarpinu undanþágu frá almennum ríkisstyrkjareglum, á grundvelli 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Mikilvægt er talið að óháður eftirlitsaðili leggi mat á það hvort Ríkisútvarpið veitir í raun þá fjölmiðlaþjónustu í almannaðjágu sem kveðið er á um í lögum.

Með árlegu mati á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins má jafnframt stuðla að umræðu um hlutverk og þýðingu almannaðjónustumiðla í samfélaginu. Eðlilegt er að hlutverk Ríkisútvarpsins og áhrif þess á samkeppnismarkað komi reglulega til endurskoðunar og umræðu, ekki síst í ljósi örra breytinga á fjölmiðla-markaði. Breytingar á fjölmiðlalandslagi og stóraukið framboð fjölmiðla af ýmsu tagi er út af fyrir sig ekki trygging þess að efni fjölmiðla endurspegli þá fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð sem almannaðjónustufjölmiðlum er ætlað að gera. Ekki skila allar tegundir dagskrárefnis hagnaði í rekstrarreikningi fjölmiðla og því er ekki tryggt að fjölmiðlun, sem eingöngu er rekin á markaðslegum forsendum, sé til þess fallin að tryggja almenningi fjölbreytt efni og þjónustu að því marki sem almannaðjónustumiðlum er ætlað að gera.

Að mati fjölmiðlanefndar er mikilvægt að umræður um hlutverk og þjónustu Ríkisútvarpsins taki mið af því markmiði fjölmiðlunar í almannaðjónustu að stuðla að lýðræðislegri umræðu, menningarlegri fjölbreytni og félagslegri samheldni í íslensku samfélagi.

1.2 Helstu niðurstöður

Almannaðjónustuhlutverk 2017 uppfyllt

Fjölmiðlanefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ríkisútvarpið ohf. hafi uppfyllt almannaðjónustuhlutverk sitt á rekstrarárinu 2017.

Þá hefur Ríkisútvarpið lokið öllum 24 tímasettum aðgerðum, samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannaðjágu 2016-2019, sem eru eftirfarandi:

1. Siðareglur starfsmanna RÚV.
2. Endurskoðaðar fréttareglur.
3. Starfsreglur stjórnar.
4. Reglur um hlutlægni og áreiðanleika.
5. Reglur um meðferð athugasemda, ábendinga og kvartana.
6. Reglur um fréttir og dagskrárefni.
7. Uppfærsla öryggisstefnu.
8. Reglur um viðskiptaboð.
9. Dagskrárstefna RÚV 2017.
10. Dagskrárstefna RÚV til 2021.
11. Stefnumótun með aðkomu almennings.
12. Ný stefna hefur tekið gildi og verið birt á vef.
13. Kostnaðarmat vegna Gullkistu RÚV.
14. Hátíðardagskrá vegna 1. des 2018.
15. Regluleg mæling á notkun almennings.
16. Regluleg mæling á viðhorfi almennings.
17. Jafnréttisáætlun.
18. RÚV-myndir formgerðar.
19. Tvöföldun á framlagi til leikins efnis.
20. Aukið íslenskt barnaefni.
21. Vinnsla og afhending nákvæmrar rekstraráætlunar.
22. Endurskoðuð málstefna.
23. Fundir um framkvæmd samnings.
24. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum.

Um leið gerir fjölmiðlanefnd eftirfarandi athugasemdir:

• Lögbundinn tími til kosningaumfjöllunar of skammur

Samkvæmt mati fjölmiðlanefndar gera reglur um framboðsfresti fyrir kosningar í íslenskri löggjöf Ríkisútvarpinu erfitt fyrir þar sem frestir renna út afar skömmu fyrir kosningar eða fimmtán dögum fyrir alþingiskosningar, þremur vikum fyrir sveitarstjórnarkosningar og fimm vikum fyrir forsetakosningar. Umfjöllun Ríkisútvarpsins um framboð og frambjóðendur þarf að hefjast mun fyrr til að unnt sé að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum um Ríkisútvarpið og samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaðjágu. Þetta þýðir að umfjöllun Ríkisútvarpsins þarf að hefjast áður en fyrir liggur hvaða flokkar og einstaklingar ná að safna tilskildum fjölda undirskrifa til að framboð þeirra teljist gild. Eins og fjölmiðlanefnd hefur áður bent á er brýnt að samræma reglur um framboðsfresti fyrir

kosningar og þær kröfur sem gerðar eru til kosningaumfjöllunar Ríkisútvarpsins í lögum um Ríkisútvarpið og þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins. Slíkt fyrirkomulag væri hvoru tveggja í samræmi við fordæmi í nágrannalöndum Íslands og í samræmi við réttmætar væntingar almennings og frambjóðenda til þess að leikreglur séu skýrar.

- **Bregðast þarf við óvissu um framtíðarhorfur rekstrar**

Í ársreikningi Ríkisútvarpsins kemur fram að þrátt fyrir nýlega sölu eigna muni Ríkisútvarpið, þegar fram líða stundir, ekki geta staðið undir greiðslum afborgana af láni frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins m.v. vaxtakjör og greiðsluskilmála lánsins, væntar tekjur félagsins og kröfu um óbreytta starfsemi. Viðræður standi yfir við lífeyrissjóðinn um skilmálabreytingu lánsins.

Þá segir í ársskýrslu Ríkisútvarpsins að þrátt fyrir jákvæðan viðsnúning í rekstri að undanfögnu, þurfi að gæta aðhalds til að tryggja áframhaldandi hallalausan rekstur þar sem opinberar tekjur félagsins hafi ekki hækkað í samræmi við launabreytingar samkvæmt kjarasamningum. Auk þess hafi möguleikar félagsins á öflun auglýsingatekna verið takmarkaðir umtalsvert með lagasetningum. Þá ríki enn óvissa um framtíðarhorfur vegna mikillar skuldsetningar og skuldir séu þungur baggi á starfseminni. Nýr þjónustusamningur til ársins 2020 tryggi stöðugleika í fjárveitingum og gerir félaginu kleift að gera eðlilegar langtímaáætlanir.

Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að brugðist verði við þeirri óvissu sem ríkir um framtíðarhorfur reksturs Ríkisútvarpsins hið fyrsta, m.a. vegna skuldbindinga félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá tekur fjölmiðlanefnd undir sjónarmið Ríkisútvarpsins um að trygg og fyrirsjáanleg opinber fjármögnun sé grunnforsenda þess að almannafjölmiðill geti rækt lýðræðis-, menningar- og samfélagshlutverk sitt í samræmi við ákvæði laga nr. 23/2013 um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

- **Stofnun dótturfélaga um samkeppnisrekstur**

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur og aðgreiningu rekstrarþátta Ríkisútvarpsins, sem út kom í nóvember 2018, benti ríkisendurskoðandi m.a. á að Ríkisútvarpinu beri að uppfylla lagalegar skyldur um stofnun dótturfélags fyrir aðra starfsemi en fjölmiðlun í almannapágu.

Gildistöku 4. gr. hefur í tvígang verið frestað af löggjafanum og tók ákvæðið fyrst gildi þann 1. janúar 2018. Lagaleg skylda Ríkisútvarpsins til að stofna dótturfélög um samkeppnisrekstur var því ekki fyrir hendi árið 2017, á því reikningsári sem er til umfjöllunar í skýrslu þessari.

- **Breytingar Ríkisútvarpsins á samningum við sjálfstæða kvikmyndframleiðendur**

Breytingar Ríkisútvarpsins á samningum við sjálfstæða framleiðendur voru samþykktar af stjórn Ríkisútvarpsins í nóvember 2017 og hafa verið gagnrýndar af kvikmyndaframleiðendum og Samtökum iðnaðarins, m.a. fyrir það að fela í sér lækkun sýningarréttargjalds og að hlutfallsleg eignamyndun Ríkisútvarpsins, í þeim verkefnum sem það fjármagnar, sé of mikil miðað við framlag stofnunarinnar og þá fjárhagslega áhættu sem hún tekur. Þá sé ekki skýrt hvort slík meðframleiðsla teljist hluti af rekstri Ríkisútvarpsins vegna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu eða til samkeppnisreksturs. Samtök iðnaðarins sendu mennta- og menningarmálaráðuneytinu erindi í ágúst 2018, með afriti á fjölmiðlanefnd, þar sem þau bentu m.a. á framangreint.

Framangreindar breytingar á samningum við sjálfstæða framleiðendur voru gerðar seint á árinu 2017 og barst fjölmiðlanefnd afrit af erindi Samtaka iðnaðarins í ágúst 2018. Þær koma því ekki til skoðunar í mati fjölmiðlanefndar fyrir reikningsárið 2017.



2. Hlutverk Ríkisútvarpsins og hlutverk fjölmiðlanefndar

2.1 Hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins

Fjölmiðlaþjónusta í almannapágu hefur verið skilgreind svo að hún skuli mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í hverju samfélagi. Fjölmiðlaþjónusta í almannapágu er lykilþáttur í stefnumótun stjórnvalda í málefnum fjölmiðla á Íslandi og einnig í mörgum öðrum Evrópuríkjum. Það er á ábyrgð stjórnvalda í hverju landi að setja lög og reglur um hlutverk og skyldur fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

Hér á landi er kveðið á um hlutverk og skyldur Ríkisútvarpsins í lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013. Þar er kveðið á um ákveðnar skyldur sem á Ríkisútvarpinu hvíla, til viðbótar hinum almennu skyldum samkvæmt lögum um fjölmiðla. Reglurnar taka flestar mið af þeim sérstöku sjónarmiðum sem gilda um fjölmiðla í ríkiseigu en slík sjónarmið byggja meðal annars á því að ríkisútvarpsstöðvum sé ætlað að flytja vandað efni, sérstaklega af innlendum og menningarlegum toga, sem ekki er tryggt að útvarpsstöðvar, sem eingöngu eru reknar með viðskiptasjónarmið í huga, telji arðvænlegt að láta framleiða eða miðla. Auk þess ber fjölmiðlum í ríkiseigu að tryggja vissa fjölbreytni í efnisvali og efnismeðferð og að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri.¹

Í lögum um Ríkisútvarpið segir meðal annars að fjölmiðlaþjónusta Ríkisútvarpsins hafi það markmið að mæta lýðræðislegum, menningarlegum og samfélagslegum þörfum í íslensku samfélagi með miðlun texta, hljóðs og mynda. Þá á Ríkisútvarpið að framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna, óháð búsetu. Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðsluþættir, íþróttarþættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarþættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni. Ríkisútvarpinu ber að tryggja að skoðanir og sjónarmið í þýðingarmiklum þjóðfélagsmálum, er almenning varða, komist á framfæri, auk þess að fjallað sé um mál á málefnalegan hátt og af hlutlægni

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða, a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Þá skal Ríkisútvarpið í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum.

Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina.

¹ Framvarp til laga um Ríkisútvarpið nr. 6/2007, þskj. 56, 56. mál.
Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/133/s/0056.html> Sótt á vef 23. apríl 2018.

Þá skal Ríkisútvarpið jafnframt skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannabágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.

2.2 Fjölmiðlar sem veita fjölmiðlaþjónustu í almannabágu hér á landi

Ríkisstyrkt fjölmiðlaþjónusta í almannabágu hér á landi er eingöngu veitt af Ríkisútvarpinu og miðlum þess en þeir eru: RÚV, RÚV2 (RÚV Íþróttir), Rás 1, Rás 2, Rondó og RUV.is.

Þá er efni Ríkisútvarpsins einnig miðlað á öðrum vettvangi, eins og á samfélagsmiðlum. Fjölmiðlanefnd leggur einungis mat á hefðbundna fjölmiðlastarfsemi Ríkisútvarpsins, þ.e. á RÚV, RÚV2, Rás 1, Rás 2, Rondó og vefinn RUV.is en ekki á það efni RÚV sem miðlað er á öðrum vettvangi, t.d. á samfélagsmiðlum á borð við Facebook, Snapchat og Instagram eða á mynddeilisíðunni YouTube.

Í EES-riðjunum hefur að jafnaði verið litið svo á að til að fjölmiðlaþjónusta í almannabágu geti rækt lýðræðislegt, menningarlegt og samfélagslegt hlutverk sitt verði almenningur að eiga aðgang að í það minnsta einni opinni sjónvarpsdagskrá, sem njóti að jafnaði ríkisstyrkja í formi afnotagjalda. Hér á landi greiða einstaklingar og lögaðilar sérstakt útvarpsgjald samhliða álagningu opinberra gjalda. Auk þessa hefur Ríkisútvarpið tekjur af sölu auglýsinga, með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

2.3 Hlutverk fjölmiðlanefndar

Hlutverk fjölmiðlanefndar samkvæmt 15. gr. laga um Ríkisútvarpið er að leggja sjálfstætt mat á það hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaðjónustuhlutverk sitt skv. 3. gr. en fjölmiðlanefnd var sem óháðum eftirlitsaðila falið eftirlit og mat á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins með lögum um Ríkisútvarpið, sem tóku gildi 22. mars 2013. Matið á fjölmiðlanefnd að afhenda stjórn Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ársskýrsla Ríkisútvarpsins hefur verið birt.

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016–2019 kemur fram að Ríkisútvarpið skuli útbúa greinargerð árlega til fjölmiðlanefndar um það hvernig Ríkisútvarpið stendur að fjölmiðlaþjónustu í almannabágu skv. 3. gr. laganna. Í greinargerðinni skal einnig greint frá niðurstöðum eigin mats Ríkisútvarpsins á framkvæmd ákvæða í 4. mgr. 3. gr. laganna, einkum 2. og 5. tölulið. Þá á Ríkisútvarpið að láta fjölmiðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggð á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmiðlanefnd skal njóta liðsinnis Ríkisendurskoðunar í þessu efni.

2.4 Hugtakanotkun og hliðsjónargögn

Ríkisútvarpið ohf. notar gjarnan skammstöfunina RÚV sem yfirheiti yfir alla þjónustu félagsins. Í skýrslu þessari vísar skammstöfunin RÚV hins vegar til aðalsjónvarpsrásar Ríkisútvarpsins en orðið Ríkisútvarpið til fjölmiðlaþjónustuveitandans Ríkisútvarpsins. Hugtakið RÚV2 vísar til aukasjónvarpsrásar Ríkisútvarpsins (RÚV Íþróttir), hugtökin Rás 1, Rás 2 og Rondó vísa til samnefndra útvarpsstöðva og vefslóðin RUV.is vísar til þjónustu Ríkisútvarpsins á vefnum.

Mat fjölmiðlanefndar á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins fyrir árið 2017 fór fram með hliðsjón af samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins, sem gerður var á grundvelli núgildandi

laga um Ríkisútvarpið og undirritaður 1. apríl 2016. Matið byggir auk þess á greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannabágu 2017, sem Ríkisútvarpið afhenti fjölmiðlanefnd 28. desember 2018, og ársskýrslu og ársreikningi Ríkisútvarpsins fyrir árið 2017.

2.5 Sérstök markmið samkvæmt samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu segir að samningsaðilar séu ásáttir um tilteknar áherslur og sérstök markmið sem vinna skuli að á gildistíma samningsins.

1. Menningarhlutverk

- 1.1 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum
- 1.2 Aukið framlag til íslensks efnis
- 1.3 Áhersla á íslenskt efni fyrir börn
- 1.4 Forgangsroðun erlends sjónvarpsefnis
- 1.5 Varðveisla og miðlun eldra efnis – Gullkista Ríkisútvarpsins

2. Lýðræðishlutverk

- 2.1 Fréttaþjónusta
- 2.2 Aðgengismál

3. Samfélagshlutverk

- 3.1 Stefnumótun og aðkoma almennings að henni
- 3.2 Þjónusta við landsbyggðina
- 3.3 Öryggismál og almannahlutverk
- 3.4 Dreifikerfi
- 3.5 Jafn réttur karla og kvenna
- 3.6 Málstefna

4. Innra eftirlit og gæðamál

Framangreindar áherslur og sérstök markmið eru skilgreind með ítarlegum hætti í samningnum sjálfum, í umfjöllun undir 2. tölulið. Fram kemur að við framkvæmd þeirra skuli tekin hliðsjón af framboði efnis og áherslum í dagskrá annarra fjölmiðla og gætt að samkeppnissjónarmiðum. Með þessum áherslum sé leitast við að skerpa á hlutverki og sérstöðu Ríkisútvarpsins á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Aðilum sé ljóst að lögin kveði á um ófrávíkjanlega lágmarksskyldu Ríkisútvarpsins. Sé þeim áherslum og markmiðum sem fram komi í samningnum því ætlað að útfæra nánar skyldur Ríkisútvarpsins samkvæmt lögunum en takmarka ekki skyldur þess ef ósamræmi reynist vera milli samningsins og laganna.



3. Mat fjölmiðlanefndar á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins 2017

3.1 Skipting dagskrárefnis í útvarpi og sjónvarpi

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu.

Fjölmiðlaefnið skal hið minnsta vera fréttir og fréttaskýringar, fræðslubættir, íþróttabættir, afþreying af ýmsum toga, lista- og menningarbættir og sérstakt efni fyrir börn og ungmenni.

Úr 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

3.1.1 Skipting dagskrárefnis í sjónvarpi 2017

Ríkisútvarpið sendi út samtals 4747 klukkustundir í línulegri dagskrá í sjónvarpi árið 2017, á sjónvarpsrásunum RÚV og RÚV 2, sem nemur 507 færri klukkustundum en árið 2016, þegar heildarútsendingartími í línulegri dagskrá var 5254 klst. Heildarútsendingartími línulegrar dagskrár var 4287 klst. á aðalrásinni RÚV en 460 klst. á RÚV 2.

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2014	2015	2016	2017
RÚV	4898	4631	4697	4287
RÚV 2	718	233	557	460
samtals	5616	4864	5254	4747

Meðalútsendingartími á dag, á RÚV og RÚV 2, var 13 klst. árið 2017, sem var einni klst. skemmri meðalútsendingartími á dag en árið á undan.

Meðalútsendingartími á dag (klst.)	2014	2015	2016	2017
RÚV / RÚV2	15	13	14	13

Heildarútsendingartími auglýsinga í línulegri sjónvarpsdagskrá var samtals 6900 mín. á RÚV og RÚV 2, 6360 mín. á RÚV en 540 klst. á RÚV 2.

Heildarútsendingartími auglýsinga í dagskrá (mín.)	2014	2015	2016	2017
--	------	------	------	------

RÚV	7260	7560	8220	6360
RÚV 2	360	240	420	540
Samtals	7620	7800	8640	6900

Tegundum dagskrárefnis mátti skipta í eftirfarandi efnisflokk:

Hlutfallsleg skipting eftir tegund dagskrárefnis:	2014	2015	2016	2017
Fréttir og fréttatengt efni	7,1%	10,0%	9,3%	9,5%
Listir, menning og vísindi	15,0%	16,3%	17,2%	14,6%
Leikið efni	38,8%	42,3%	35,9%	38,1%
Efni fyrir börn og ungmenni	14,5%	15,1%	13,9%	15,2%
Íþróttir (skipt eftir helstu íþróttagreinum)	19,0%	11,4%	16,0%	16,3%
Afþreyingarefni	7,0%	8,9%	7,6%	6,8%
Samtals útsendar klst. á RÚV og RÚV2	5616	4864	5254	4747

Fréttir og fréttatengt efni

Fréttir og fréttatengt efni voru 9,5% af útsendu efni í línulegri sjónvarpsdagskrá sem er svipað hlutfall og árið á undan, þegar hlutfall fréttar og fréttatengds efnis var 9,3% í línulegri dagskrá.

Bar þar hæst sjónvarps-, íþróttar- og veðurfréttir kl. 19 alla daga og einnig kl. 22 á virkum dögum, fréttaskýringarþáttinn Kveik og fréttatengdu umræðubættina Kastljós og Silfrið. Tákn málsfréttir voru fluttar daglega í sjónvarpi og voru jafnframt aðgengilegar í Sarpinum á RUV.is. Nánar er fjallað um fréttir og fréttatengt efni í kafla 3.1

FRÉTTIR OG FRÉTTATENGT EFNI	2014	2015	2016	2017
RÚV	400	478	489	448
RÚV2	0	6	1	5
Samtals klst.	400	484	490	453

Listir, menning og vísindi

Efni tengt listum, menningu og vísindum var 14,6% af útsendu efni í línulegri dagskrá í sjónvarpi, sem er lægra hlutfall en árið á undan, sem þá var 17,2%. Má þar nefna þáttaraðirnar Jörðina (Planet Earth II) og Veðina (The Hunt), sem nýttar voru til kennslu í skólum landsins. Bókmenntaþáttinn Kiljuna, heimildarþáttaröðina Opnun, þáttaröðina Sögustaðir með Einari Kárasyni, þáttaröðina Velkominn Þorri, viðtalsþáttinn Af fingrum fram og beinar útsendingar og upptökur frá menningartengdum viðburðum á borð við Klassíkina okkar, sem markaði upphaf vetrardagskrár RÚV öðru sinni, Listahátíð, Tónaflóð á menningarnótt, Músíktílaunir og Iceland Airwaves, svo fátt eitt sé nefnt.

LISTIR, MENNING, VÍSINDI, TÓNLIST OG TRÚMÁL	2014	2015	2016	2017
RÚV	812	778	861	682
RÚV2	31	14	42	10
Samtals	843	792	903	692

Leikið efni

Leikið efni var 38,1% af línulegri sjónvarpsdagskrá, meira en árið á undan þegar hlutfallið var 35,9%. Nánar er fjallað um leikið efni í kafla 2.2, 2.3 og 2.4.

LEIKIÐ EFNI	2014	2015	2016	2017
-------------	------	------	------	------

RÚV	2085	2055	1868	1734
RÚV2	96	3	16	74
Samtals	2181	2058	1884	1808

Efni fyrir börn og ungmenni

Efni fyrir börn og ungmenni í línulegri dagskrá var 15,25% árið 2017 en var til samanburðar 13,9% árið 2016 og hækkaði því um rúmlega eitt prósentustig. Nánar er fjallað um efni fyrir börn og ungmenni í kafla 2.4.

EFNI FYRIR BÖRN OG UNGMENNI	2014	2015	2016	2017
RÚV	780	732	718	698
RÚV2	36	3	11	25
Samtals	816	735	729	723

Íþróttir

Íþróttafni var 16,3% af línulegri sjónvarpsdagskrá beggja sjónvarpsrása, svipað og árið á undan en þá var hlutfallið 16,0%. Hlutfall íþróttanna af heildardagskrá RÚV var 11,25% (482 klst.) og 63,36% af heildardagskrá RÚV 2 (292 klst.). Nánari umfjöllun um íþróttafni og skiptingu eftir helstu íþróttagreinum er að finna í kafla 2.7.

ÍÞRÓTTIR	2014	2015	2016	2017
RÚV	663	408	567	482
RÚV2	404	147	274	292
Samtals	1067	555	841	774

Afþreyingarefni

Afþreyingarefni var 6,8% af línulegri dagskrá í sjónvarpi og var það ögn lægra hlutfall en árið á undan, þegar hlutfallið var 7,6%.

AFÞREYING	2014	2015	2016	2017
RÚV	376	434	392	316
RÚV2	18	1	9	7
Samtals	394	435	401	323

Nánari umfjöllun um dagskrárefni í sjónvarpi er að finna í köflum 2 og 3.

3.1.2 Skipting dagskrárefnis í útvarpi 2017

Útvarpsstöðvar Ríkisútvarpsins eru þrjár: Rás 1, Rás 2 og Rondó en á síðastnefndu stöðinni er eingöngu leikin klassísk tónlist. Eftirfarandi tölfræði tekur til Rásar 1 og 2 að Rondó undanskilinni.

Rás 1

Ríkisútvarpið sendi út samtals 8652 klukkustundir á Rás 1 árið 2017, sem nemur 132 færri klukkustundum en árið 2016, þegar heildarútsendingartími á Rás 1 var 8784 klst. Meðalútsendingartími á sólarhring var 24 klst., líkt og fyrri ár.



Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2014	2015	2016	2017
Rás 1	8389	8340	8784	8652
Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2014	2015	2016	2017
Rás 1	23	23	24	24

Dagskrárefni á Rás 1 skiptist í eftirfarandi efnispætti:

Skipting dagskrárefnis eftir efnispáttum (klst. og hlutfall af heild)	2015	%	2016	%	2017	%
Leikið efni	27	0,33%	36	0,41%	20	0,23%
Skemmtiefni og dægradvöl	140	1,68%	94	1,07%	41	0,48%
Barna og unglingaefni	73	0,87%	54	0,61%	57	0,66%
Sígild tónlist	882	10,57%	972	11,06%	736	8,51%
Önnur tónlist (djass-, milli-, popp- og rokk-tónlist - þjóðlög/heimstónlist)	657	7,59%	676	7,71%	700	8,09%
Fréttir og fréttatengt	762	9,13%	706	8,04%	733	8,48%
Samfélagsmál	1816	21,77%	1799	20,48%	2115	24,44%
Listir, menning og vísindi	3654	43,81%	4103	46,70%	3918	45,28%
Trúmál	215	2,58%	97	1,11%	101	1,17%
Auglýsingar	114	1,37%	154	1,75%	153	1,77%
Annað efni (kynningar og uppfylling)*			93	1,06%	78	0,90%
*skránning á öðru efni hófst 2016	8340	99,70%	8784	100,00%	8652	100,01%

Rás 2

Ríkisútvarpið sendi út samtals 8676 klukkustundir á Rás 2 árið 2017, sem nemur 110 færri klukkustundum en árið 2016, þegar heildarútsendingartími á Rás 2 var 8786 klst. Meðalútsendingartími á sólarhring var 24 klst. líkt og fyrri ár.



Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2014	2015
Rás 2	8746	8761
Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2014	2015
Rás 2	24	24

Dagskrárefni á Rás 2 skiptist í eftirfarandi efnispætti:

Skipting dagskrárefnis eftir efnispáttum (klst. og hlutfall af heild)	2016		2017		
Skemmtiefni	186	2,11%	178	2,05%	
Millitónlist	212	2,41%	185	2,13%	
Popp og rokk-tónlist	4619	52,58%	5226	60,23%	
Íþróttir	250	2,84%	267	3,08%	
Fréttir og fréttatengt	861	9,80%	818	9,43%	
Samfélagsmál	2316	26,36%	1636	18,85%	
Listir, menning og vísindi	9	0,10%	9	0,11%	
Auglýsingar	333	3,79%	357	4,12%	
	8746	8761	100,01%	8786	99,99%

Hlutfall íslenskrar tónlistar á Rás 2 hefur verið 50-56% síðustu ár.

Nánari umfjöllun um dagskrárefni í útvarpi er að finna í köflum 2 og 3.

3.2 Menningarhlutverk

Skyldur Ríkisútvarpsins:

3. mgr. 3. gr.

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Leggja rækt við íslenska tungu.
2. Kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.
3. Þjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttá Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.
4. Framleiða sjálft og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspegla samtímamenningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum.
5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.
6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

Úr lögum um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

2.1 Menningarhlutverk

Ríkisútvarpið skal hlúa að menningu þjóðarinnar, leggja rækt við íslenska tungu, listir og íþróttir. Ríkisútvarpið skal koma til móts við þarfir almennings um vandað, íslenskt efni og styðja við framleiðslu og nýsköpun á slíku efni, jafnt sem annars konar listsköpun og störf listamanna.

Ríkisútvarpið skal á gildistímanum leggja aukna áherslu á innlenda dagskrárgerð og að færa menningarefni framár í forgangs-röðun í dagskrá. Menningar- og afþreyingarefni sem Ríkisútvarpið býður upp á skal vera vandað og fjölbreytt og hafa skírskotun til breiðs hóps landsmanna. Á útvarpsrásum Ríkisútvarpsins skal vera lögð áhersla á íslenska tónlist og einnig skal flutt unnið dagskrárefni.

Ríkisútvarpið skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningartengdum viðburðum sem og íþróttaviðburðum, bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun um íþróttaviðburði skal fjölbreytni höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt á milli íþróttagreina eins og kostur er.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins 2016-2019

Eins og fram kemur í ársskýrslu RÚV 2017 er RÚV stærsta menningarstofnun þjóðarinnar. Stefna RÚV á sviði menningar er að varðveita og miðla menningu, vinna að frumsköpun verka og framleiða leikið efni úr íslenskum veruleika.

Í ársskýrslunni kemur fram að innlend dagskrárgerð og menning hafi sem endranær verið í öndvegi í öllum miðlum RÚV. Fimm leiknar þáttaraðir hafi verið frumsýndar á árinu, þ. á m. Fangar sem hlotið hafi afburða áhorf og 10 Edduverðlaun. Þróun stórra leikinna verkefna hafi verið í fullum gangi, m.a. hafi þróun hafist við Ófærð 2, Fanga 2, Sjálfstætt fólk og Mannasiði. RÚV myndir hafi verið festar í sessi, fagrað skipað og handritaráðgjafi ráðinn til starfa. Tónskáldasjóður RÚV og STEFs hafi verið stofnaður og Menningarverð-laun RÚV afhent. Nýr menningarvefur RÚV hafi verið settur í loftið á sama tíma og menningarvetrinum var hleypt af stokkunum í Klassíkinni okkar. Sýnt hafi verið beint frá tveimur rómuðum leiksýningum og tónlist-arhátíð Rásar 1 Deilt með tveimur haldin í fyrsta sinn. Rás 2 hafi tekið þátt í nær öllum tónlistarhátíðum á landinu. RÚV hafi verið sigursælt á Eddunni og hlotið sex af sjö verðlaunum fyrir sjónvarpsefni. Útvarpsleik-ritið Lifun hafi verið verðlaunað á Prix Europa og KrakkaRÚV fengið Vorvinda-viðurkenningu IBBY fyrir framlag til barnamenningar.

3.2.1 Málstefna

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Leggja rækt við íslenska tungu.
3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.3.6. Ríkisútvarpið skal leggja rækt við íslenska tungu. Kappkostað skal að málfar í Ríkisútvarpinu sé til fyrirmyndar og allt innlent efni sem miðlað er sé á vandaðri íslensku.

Aðgerðir og viðmið:

-Á samningstímabilinu skal Ríkisútvarpið endurskoða málstefnu sína. Ný og endurskoðuð málstefna skal kynnt fyrir árslok 2016. Starfsmönnum Ríkisútvarpsins ber að kynna sér málstefnuna og haga störfum sínum í samræmi við hana. Starfsmenn skulu hafa aðgang að málfrásráðgjöf.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið hefur sett sér málstefnu, sem aðgengileg er á vefnum RUV.is. Málfrásráðunautur veitir ráðgjöf og sinnir yfirlestri og stuðlar þannig að því að bæta íslenskukunnáttu og auðga málfar starfsmanna.

Þýðingardeild RÚV sér um þýðingar á öllu erlendu efni í sjónvarpsdagskrá RÚV. Þess er gætt að ávallt fylgi íslenskt tal, íslensk talsetning eða texti á íslensku eftir því sem við verður komið.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði 1. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið árið 2017, sbr. ákvæði 2.3.6. í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2016-2019.

3.2.2 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum

2.1.1 Kaup af sjálfstæðum framleiðendum

Ríkisútvarpið skal styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildarmyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni. Á samningstímabilinu skal Ríkisútvarpið kaupa eða vera meðframleiðandi að leiknu sjónvarpsefni, kvikmyndum, heimildarmyndum eða öðru dagskrárefni í miðlum Ríkisútvarpsins. Ríkisútvarpið skal verja til þess að lágmarki 8% af heildartekjum á árinu 2016, 9% árið 2017, 10% árið 2018 og 11% árið 2019.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Árið 2017 voru kaup af sjálfstæðum framleiðendum aukin, þeim boðið að nýta sér þjónustu RÚV sölu (í samstarfi við RÚV sales) og grunnur lagður að því að gera búnað, aðstöðu og þjónustu RÚV aðgengilega öðrum. Þetta kemur fram í ársskýrslu Ríkisútvarpsins 2017. Þá undirrituðu útvarpsstjórar norrænu sjónvarpsstöðvanna samkomulag um aukið samstarf og stórauðna framleiðslu og framboð á leiknu, norrænu sjónvarpsefni.

Allt framlag Ríkisútvarpsins til leikins efnis árið 2017 rann til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslufyrirtækja. Kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum á árinu námu 799.531 þús. kr. eða 12,39% af heildartekjum Ríkisútvarpsins, sem var vel yfir því lágmarki sem miðað er við í þjónustusamningi fyrir árið 2017 (9%).² Um var að ræða kaup á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum, meðframleiðslu, aðkeypta þjónustu, þ. a. m. vegna talsetningar, leigu á búnaði o.fl.

Ítarlegan lista yfir efni frá sjálfstæðum framleiðendum sem sýnt var á RÚV árið 2017 er að finna í viðauka við skýrslu þessa.

Kaup Ríkisútvarpsins af sjálfstæðum framleiðendum	2016	2017
Kaup af sjálfstæðum framleiðendum (kr.)	702.481.913	799.531.000
Kaup af sjálfstæðum framleiðendum (% af heildartekjum)	11,63%	12,39%

Ríkisútvarpið sýndi kvikmyndir, stuttmyndir, heimildamyndir og þáttaraðir frá sjálfstæðum framleiðendum árið 2017. Má þar nefna þáttaröðina *Fangar*, í leikstjórn Ragnars Bragasonar, sem byggð er á hugmynd Unnar Aspar Stefánsdóttur og Nínu Daggar Filippusdóttur. Fangar hlutu 10 verðlaun á Eddunni, íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunahátíðinni, m.a. fyrir leikið sjónvarpsefni og sjónvarpsefni ársins. Rómantíska

² Heildartekjur Ríkisútvarpsins voru 6.451.414 þús. (m.) kr. árið 2017 samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu.

gamanmyndin *Reykjavík*, eftir Ásgrím Sverrisson, var sýnd á RÚV, sem og önnur þáttaröð um listamannin Hulla, *Hulli II*. Um páskana sýndi RÚV gamanþáttinn *Líf eftir dauðann* eftir Veru Sölvaðóttur og í september var íslenska fjögurra þáttaröðin *Loforð* frumsýnd í leikstjórn Braga Þórs Hinrikssonar en hún er byggð á hugmynd Guðjóns Karlssonar og ætluð allri fjölskyldunni

Á meðal nýrra, íslenskra kvikmynda sem sýndar voru á RÚV 2017 voru kvikmyndirnar *Hjartasteinn* og *Þrestir*, gamanmyndirnar *Bakk* og *Petta reddast*, kvikmyndirnar *Frost, XL* og *Morðsaga*, verðlaunastuttmyndirnar *Hjónabandssæla*, *Regnbogapartý* og *Ungar*, og auk þess myndirnar *Brynhildur* og *Kjartan, Leitinn að Livingstone* og *Góður staður*. Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að konur hafi leikstýrt fimm af þeim sex stuttmyndum sem frumsýndar voru á RÚV á árinu. Samarið 2017 voru jafnframt endursýndar sígildar íslenskar kvikmyndir í eldri jafnt sem endurbættum útgáfum.

RÚV sýndi tvær leikhúsuppsetningar í beinni útsendingu á árinu, lokasýningu *Njálu*, uppsetningu Borgar-leikhússins og Íslenska dansflokksins á Brennu-Njáls sögu í leikstjórn Þorleifs Arnar Arnarssonar, og leikritið *Með fulla vasa af grjóti* í Þjóðleikhúsinu, þar sem Hilmar Snær Guðnason og Stefán Karl Stefánsson léku öll hlutverk. Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að RÚV hafi að undanfögnu fjölgað mikið útsendingum frá menningarviðburðum.

Áramótaskaup 2017 var að þessu sinn í leikstjórn Arnórs Pálma Arnarssonar en skaupið hlaut Edduverðlaun 2018 í floknum skemmtiþáttur ársins.

Í ársbyrjun 2017 hófst íslensk heimildamyndaröð, þar sem áhersla var lögð á myndir sem sýndu hinar ýmsu hliðar mannlífsins. Þar á meðal voru myndirnar *Jökullinn logar*, *Ránsfengur*, *Jöklaland*, *Heiti potturinn*, *Veðrabrigði* og *Keep Frozen*. Þá voru sýndar heimildamyndir tengdar ýmsum listamönnum og listgreinum, þ. á m. heimildamynd um *100 ára starfsafmæli Leikfélags Akureyrar*, mynd um *einleikjafátíðina Act alone á Vestfjörðum*, mynd um *Sigurð Pálsson rithöfund* og þáttur um *Tónsmíðjuna*, þar sem fylgst var með íslenskum tónlistarkonum sem hittust á Hvammstanga til að vinna að tónsmíðum og textagerð. Í heimildamyndinni *Sýning sýninganna* var fjallað um sögu fjölleikahúsa og farandskemmtikrafta við frumsamda tónlist eftir nokkra liðsmenn Sigur Rósar. Fylgst var með ferð karlakórsins Fjallabræðra til Lundúna í Abbey Road hljóðverið í myndinni *Fjallabræður í Abbey Road Studios* og farið yfir farsælan feril leikkonunnar Kristbjargar Kjeld í myndinni *Vegir liggja til allra átta*. Í myndunum *Sporlaust (Out of thin air)* og *Meinsærið*, sem sýndar voru á haustmánuðum var fjallað um Guðmundar- og Geirfinnsmálið. RÚV frumsýndi heimildapáttaröðina *Vatnajökull – Eldhjarta Íslands*, þar sem áhorfendur kynntust undraheimi jökulsins, og tvo þætti um *Jóhönnu Sigurðardóttur fyrrerandi forsætisráðherra og formann Samfylkingarinnar*. Þá var fjallað um atburði sem urðu á sögufrægum slóðum í þáttaröðinni *Sögustaðir með Einari Kárasyni*.

Auk framangreindra kvikmynda, stuttmynda, leikrita, leikinna þáttaraða og heimildamynda sýndi RÚV ýmsar þáttaraðir frá sjálfstæðum framleiðendum, á borð við *Opnun*, *Með okkar augum VII*, *Framapot*, *Hæpið*, *Hásetar*, *Andri á flandri í túristalandi* og *Aðstoðarmenn jólasveinanna*. Þá voru sýndar upptökur frá ýmsum menningartengdum viðburðum, eins og *Akureyrarvöku 2017*, *Fiskidagstónleikum á Dalvík 2016*, *tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands með söngvaskáldum og Skálmöld* og *kveðjutónleikum hljómsveitarinnar Retro Stefson*.

Ítarlegan lista yfir kvikmyndir, stuttmyndir, leikrit, leikið íslenskt efni, heimildamyndir, þáttaraðir og menningartengt efni frá sjálfstæðum framleiðendum, sem sýnt var á RÚV 2017, er að finna í viðauka við skýrslu þessa.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði um framleiðslu lista- og menningarefnis, með sérstakri áherslu á leikið efni sem og skilyrði um þáttöku í íslenskri kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum, árið 2017, sbr. 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. einnig ákvæði 2.1.1. um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2016-2019.

3.2.3 Aukið framlag til leikins íslensks efnis

Skyldur Ríkisútvarpsins:

3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

4. Framleiða sjálft og í samstarfi við aðra lista- og menningarefni, með sérstakri áherslu á leikið efni, auk þess að endurspegla samtímamenningu þjóðarinnar. Ríkisútvarpið skal vera virkur þátttakandi í íslenski kvikmyndagerð, m.a. með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum. Í samningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið skv. 4. mgr. 2. gr. skal mælt fyrir um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem keypt er af sjálfstæðum framleiðendum

Samkvæmt upplýsingum í greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlun í almannabágu fyrir árið 2017 var innlend dagskrárgerð í forgangi í öllum miðlum RÚV og sérstök áhersla lögð á gerð leikins efnis, menningar- efnis og útsendinga frá menningar- og stórvíðburðum sem sameina þjóðina.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

2.1.2 Aukið framlag til leikins íslensks efnis

Á gildistíma samningsins mun Ríkisútvarpið leggja aukna áherslu á íslenskt leikið efni til að stuðla að eflingu kvikmyndagerðar í landinu, með það að markmiði að auka framboð og gæði á íslensku leiknu sjónvarpsefni.

Lögð skal áhersla á aukið samstarf Ríkisútvarpsins við Kvikmyndamiðstöð Íslands og sjálfstæða framleiðendur. Aukið framlag í þennan efnisflokk verður á kostnað efnisflokka í sjónvarpi en þó ekki á kostnað framlags til framleiðslu og kaupa á barnaefni.

Aðgerðir og viðmið

-Innan Ríkisútvarpsins skal stofnuð sérstök eining undir heitinu RÚV-MYNDIR

-Hlutverk RÚV MYNDIR er að stuðla að auknu framboði á leiknu íslensku gæðaeefni. Þessari einingu skal stýrt af sérstöku fagráði sem útvarpsstjóri skipar og ber að starfa eftir gagnsæjum og faglegum starfsreglum.

-Ríkisútvarpið mun tvöfalda framlag sitt til leikins efnis og skuldbindur sig til að verja árlega 200 milljónum króna hið minnsta til kaups eða meðframleiðslu á slíku efni árið 2017, 2018 og 2019 með fyrirvara um mótframlög til framleiðslu á efninu.

-Eigi minna en 80% af árlegu framlagi til leikins efnis skal renna til sjálfstæðra framleiðenda sbr. gr. 2.1.1.

Hlutdeild íslensks efnis í sjónvarpi (RÚV og RÚV2) var 48,4% árið 2017 og framlag Ríkisútvarpsins til innlends, leikins sjónvarpsefnis árið 2017 nam 251.347 þús. kr. Er sú upphæð yfir því marki sem miðað er við í þjónustusamningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrir árið 2017 (200 m. kr. hið minnsta.) Allt framlag Ríkisútvarpsins til leikins efnis árið 2017 eða 100% rann til sjálfstæðra framleiðenda og er það hlutfall einnig yfir því marki sem miðað er við í þjónustusamningi (80%).

Framlag Ríkisútvarpsins til innlends, leikins sjónvarpsefnis	2016	2017
Framlag til innlends, leikins sjónvarpsefnis (kr.)	206.847.000	251.347.000
Framlag til innlends, leikins sjónvarpsefnis (hlutfall af heildartekjum)	3,43%	3,90%

Vegna aukinnar áherslu á leikið efni stofnaði Ríkisútvarpið til RÚV MYNDA, sérstakrar einingar innan Dagskrárdeildar sjónvarps, sem fer með umsjá og afgreiðslu allra leikinna verkefna fyrir RÚV. Framlag til leikins efnis var um leið tvöfaldað frá því sem áður var með það að markmiði að bjóða upp á hið minnsta þrjú leikin verkefni á ári. Þáttaröðin *Fangar* naut ekki bara vinsælda á Íslandi, heldur einnig á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu.

LEIKIÐ EFNI	2014	2015	2016	2017
RÚV (KLST)	2085	2055	1868	1734
RÚV2 (KLST)	96	3	16	74
samtals	2181	2058	1884	1808

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið skilyrði um framleiðslu og meðframleiðslu lista- og menningarefnis, með sérstakri áherslu á leikið efni, sem og skilyrði um endurspeglun íslenskrar samtímamennningar, árið 2016, sbr. 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. einnig ákvæði 2.1.2. um aukið framlag til leikins íslensks efnis, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019.

3.2.4 Áhersla á íslenskt efni fyrir börn

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

5. Framleiða og miðla fjölbreyttu efni við hæfi barna og ungmenna.
2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1.3. Áhersla á íslenskt efni fyrir börn

Ríkisútvarpið skal leggja áherslu á þjónustu við börn á samningstímabilinu. Yfirheiti þjónustu Ríkisútvarpsins við börn er KrakkaRÚV og skal hún notfæra sér viðeigandi tækni og miðlunarleiðir, auk þess að vera ábyrg fyrirmynd barna og unglinga í notkun þeirra.

Aðgerðir og viðmið:

- Framleiðsla, kaup eða meðframleiðsla á innlendu barnaefni með fjölbreyttu sniði skal aukin á samningstímanum.
- Á tímabilinu skal þróa dagskrárstefnu með sérstakri áherslu á að efla læsi barna.
- Á tímabilinu skal bjóða upp á fræðsluefni á sviði vísinda- og tækni, sem ætlað er börnum og ungmennum.
- Sérstaklega skal gætt að því að efni sem ætlað er börnum og ungmennum sé óhlutdrægt og sé óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum.
- Aðgengi að barnaefni á vef Ríkisútvarpsins skal aukið á tímabilinu.
- Að minnsta kosti tvö ný leikrit fyrir börn eða fjölskyldur skulu flutt í Útvarpsleikhúsinu.
- Árlega skal boðið upp á nýtt leikið efni fyrir börn og fjölskyldur í sjónvarpinu.
- Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í ársskýrslu RÚV 2017 segir að stefna RÚV sé að þjóna betur ungu fólki. Almannaþjónusta eigi að ná til allra aldurshópa og til að RÚV uppfylli grunnhlutverk sitt sé mikilvægt að unga fólkið hafi þörf fyrir, finni og noti þjónustu þess, eins og þeir sem eldri eru.

KrakkaRÚV er yfirheiti allrar þjónustu Ríkisútvarpsins við börn og ungmenni og var fyrst kynnt til sögunnar 2015. Kjarninn í starfseminni er vefurinn www.krakkaruv.is þar sem nálgast má allt innlent barnaefni Ríkisútvarpsins, gamalt og nýtt, fjölda myndskaiða úr safni sjónvarps og talsettar teiknimyndir, ásamt vönduðum útvarpsþáttum fyrir börn.

Árið 2017 var þjónusta við börn og ungmenni undir merkjum KrakkaRÚV eflað enn frekar með auknu fjármagni og aukinni framleiðslu dagskrárefnis á íslensku. KrakkaRÚV tók þátt í fjölda samstarfsverkefna sem höfðu að markmiði að styðja við barnamenningu, gefa röddum barna vettvang og gefa börnum tækifæri til að deila hugmyndum sínum, skoðunum, hæfileikum og hugviti. Mikil áhersla var lögð á framleiðslu innlends barnaefnis og var hlutfall barna- og unglingsaefnis af heildardagskrárframboði í sjónvarpi á RÚV 16,3%.

Í greinargerð Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar er þess getið að KrakkaRÚV leggi mikla áherslu á nýsköpun og það að nýta tæknina til að hámarka afköst. Framleiðsla efnis fari fram í litlum teyimum, þar sem allir séu hluti af hugmyndaferlinu frá upphafi. Einnig hafi útvarpsfni fyrir börn og ungmenni verið þróað og byggi á efni sem sé framleitt fyrir sjónvarp en Krakkafréttir og Vísindavarp Ævars eru t.d. einnig í útvarpsdagskrá. Að auki leggi KrakkaRÚV mikla áherslu á að starfa með ungum kvikmyndagerðarmönnum og að veita þeim tækifæri til að taka sín fyrstu skref í faginu.

Framleiðsla, kaup og meðframleiðsla á innlendu barnaefni með fjölbreyttu sniði

Á meðal barnaefnis sem Ríkisútvarpið framleiddi sjálft árið 2017 var *Stundin okkar*, Ævar vísindamaður, *Krakkafréttir*, *Krakkaskaup*, jólaþættir o.fl.

• Krakkafréttir

Krakkafréttir er fréttapáttur fyrir börn og unglinga þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar og heimsfréttirnar settar í samhengi við veruleika íslenskra barna. Umsjónarmenn voru Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.



- **Stundin okkar**

Stundin okkar var á dagskrá einu sinni í viku yfir vetrartímann, í umsjón Sigynjar Blöndal og Sindra Bergmanns Þórarinssonar. Í þáttunum var ferðast um landið og börn á aldrinum 6-12 ára tekin tali. Stundin okkar stóð fyrir áheyrnarprufum meðal barna sem áhuga höfðu á að taka þátt í gerð þáttarins og skráðu um 500 börn sig til leiks. Alls komu um 1000 börn fram í þættinum veturinn 2016-2017. Boðið var upp á „stórhættulega spurningakeppni“, skapandi þrautir og sögur eftir börn. Ríkisútvarpið framleiddi átta stuttmyndir eftir sögum barna, sem þau sendu inn í keppnina *Sögur-verðlaunahátíð barnanna*.

- **Ævar vísindamaður**

Ævar vísindamaður hélt áfram að fræða börn um vísindi en fjórða serían í þeirri þáttaröð fór í loftið árið 2017.

- **Útvarp KrakkaRÚV**

Mánudaga til fimmtudaga voru útvarpsþættir á Rás 1 ætlaðir börnum, Útvarp KrakkaRÚV. Þar fjölluðu Ingibjörg, Friða, Sævar Helgi, Jóhannes og Sigyn Blöndal um listir, menningu, vísindi, fréttir og fleira. Þættirnir voru einnig aðgengilegir í hlaðvarpi RÚV.

- **Talsettar teiknimyndir**

Vikulega bauð RÚV upp á 40 þætti af talsettu barnaefni. Þar á meðal áttu þættirnir *Hvolpasveitin*, *Undra-veröld Gúnda*, *Kúlugúbbarnir*, *Dóta læknir* og *Úmísúmi* sinn fasta stað á skjánum en þegar nær dró jólum birtust nýir þættir eins og *Ronja ræningjadóttir*, *Djúpið (The Deep)* og *Ævintýrstund* (Adventure time).

- **Fjölbreytt fjölskylduefni**

Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að áhersla hafi verið lögð á að sameina kynslóðirnar fyrir framan skjáinn. Í því skyni hafi, auk framangreinds, verið boðið upp á fjölskylduvænt efni, eins og fræðsluþáttinn *Örkina*, um samband manns og dýra, og fjölskyldu- og skemmtiþáttinn *Fjörskylduna*, í umsjón Jóns Jónssonar, þar sem fjölskyldur öttu kappi í líflegum spurningaleikjum og þrautum. Dagskrárgerðarmennirnir Fannar Sveinsson og Benedikt Valsson reyndu fyrir sér sem hásetar á frystitogara í þáttaröðinni *Hásetar*. Í þáttaröðinni *Aðstoðarmenn jólasveinanna*, sem var frumsýnd í desember 2017, fékk öll fjölskyldan tækifæri til að kynna fólkinu sem aðstoðar jólasveinana við jólaundirbúning. Kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna áttu svo sinn fasta stað á laugardagskvöldum.

Samstarfsverkefni í þágu barna

Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að mikil áhersla hafi verið lögð á samstarf. Frá upphafi hafi KrakkaRÚV tekið fagnandi öllum hugmyndum um samvinnu og jafnvel leitað uppi spennandi samstarfstækifæri. Á meðal verkefna sem sprottið hafa af slíku samstarfi í þágu barna eru eftirfarandi verkefni:

- Kóðinn, forritunarkennsla fyrir krakka, sem valið var eitt af sprotaverkefnum ársins hjá EBU, sambandi evrópskra sjónvarpsstöðva. Að verkefninu stóðu RÚV, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Samtök iðnaðarins, ásamt fjölmörgum upplýsingafyrirtækjum.
- Krakkakosningar, í samstarfi við Umboðsmann barna.
- Ungir fréttamenn, í samstarfi við Barnamenningarhátíð í Reykjavík.
- Tíkallinn, í samstarfi við Stofnun um fjármálalæsi.
- Söguboltinn, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneyti og barnabókahöfunda.
- Umhverfisfræðsla, í samstarfi við Umhverfisstofnun.
- Sögur, verðlaunahátíð barnanna, í samstarfi við Menntamálastofnun.

Dagskrá og viðburðir með áherslu á að efla læsi barna

• Dagur íslenskrar tungu

Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2017, efndi KrakkaRÚV til vísasamkeppni grunnskólanema í samstarfi við Menntamálastofnun og var meðþátttaka í verkefninu. Þá heimsóttu þrjú ungmenni KrakkaRÚV þann sama dag, til að ræða um tungumálið og íslenskuna, hvaða orð væru í sérstöku uppáhaldi hjá þeim og hvernig enskan hafi smitað þeirra daglega líf.

• Bókaormaráð og KrakkaKiljan

Haustið 2017 var stofnað sérstakt Bókaormaráð þar sem átta börn voru beðin um að lesa tólf barnabækur og undirbúa viðtöl við höfunda þeirra með umsjónarmönnum KrakkaRÚV. Viðtölunum var streymt beint á RÚV2 og á netinu þann 24. nóvember og var viðburðurinn auglýstur í grunnskólum landsins. Meðlimir Bókaormaráðsins fjölluðu svo um bækurnar í Krakka-Kiljunni í Krakkafréttum.

• Sögur – verðlaunahátíð barnanna

Samstarf RÚV og Menntamálastofnunar um verkefnið *Sögur – verðlaunahátíð barnanna*, hélt áfram árið 2017 en um er að ræða verkefni sem miðar að því að efla læsi og sköpun barna. Verkefnið hófst haustið 2017 þegar KrakkaRÚV auglýsti eftir sögum og handritum frá börnum. Í kjölfarið framleiddi RÚV stuttmyndir byggðar á sögum barnanna, Borgarleikhúsið setti upp sviðsverk, Útvarpsleikhúsið setti upp útvarpsverk og Borgarbókasafnið hélt námskeið í skapandi skrifum, svo nokkuð sé nefnt. Verkefninu lauk með *Sögum-verðlaunahátíð barnanna* í apríl 2018, þar sem bestu sögurnar voru verðlaunaðar en börnin kusu flesta verðlaunahafana sjálf. Hátíðin var sýnd í beinni útsendingu á RÚV.

Fræðsluefni á sviði vísinda og tækni

- Í sjónvarpsþáttunum *Ævar vísindamaður*, í umsjón Ævar Þórs Benediktssonar, voru börn frædd um vísindi en fjórða þáttaröðin fór í loftið árið 2017. Þættirnir voru einnig fluttir í útvarpi.
- *Kóðinn, forritunarleikar fyrir börn*, voru endurteknir árið 2017. Micro:bit smátölvunni var dreift í 110 skóla og hóf Kóðinn formlegt samstarf við Háskóla Íslands. Sérstakur áfangi Kóðans var settur á laggirnar á tölvunarfræðibraut og Micro:bit kennsluvika innleidd í nám grunnskólakennara. Kóðaverkefnið á Íslandi var valið eitt af bestu sprotaverkefnum ársins hjá útvarpsstjórum EBU, sambandi evrópskra útvarpsstöðva. Þá gátu börn lært að forrita upp á eigin spýtur á vefsvæði Kóðans á KrakkaRÚV.is.

Aðgengi að barnaefni á vef Ríkisútvarpsins

- Á vefnum Krakkaruv.is er meðal annars boðið upp á mikið úrval eldra efnis úr framleiðslu RÚV, t.d. flest allt barnaefni undanfarinna tuttugu ára. Um er að ræða hátt í 2000 dagskrárliði, að hluta eða í heild.
- Á vefmiðlum RÚV og KrakkaRÚV er jafnframt að finna allt það efni sem sýnt er í línulegri dagskrá. Ríkisútvarpið býður upp á fjölda titla af talsettu barnaefni og hefur 30 daga birtingarétt af hverjum þætti á vefmiðlum RÚV. Þættir sem RÚV framleiðir sjálf (Stundin okkar, Krakkafréttir, Ævar vísindamaður, Krakkaskaup, jólaþættir o.fl.) eru birtir á vefnum þar sem þá má finna um ókomna tíð.
- Finna má hlekki á ýmsa sérvefi, sem Ríkisútvarpið vinnur í samstarfi við ýmsa aðila á Íslandi, á vefnum Krakkaruv.is, sbr. eftirfarandi vefi:
 - Kóðinn, forritunarleikar fyrir krakka
 - Viðburðartengdir vefir, eins og Samfés, Skrekkur, Skólahreysti og Barnamenningarhátíð
 - Söngvakeppnin
 - Sögur, verðlaunahátíð barnanna

- Á vefnum er jafnframt mikið birt af innsendu efni frá börnum. Úrval útvarpssefnis var sömuleiðis aðgengilegt á vefmiðlum RÚV, sbr. eftirfarandi þætti: *Vísindavarp Ævars*, *Leynifélagið*, *Inn í heim tónlistarinnar* með Möggu Stínu, *Útvarp KrakkaRÚV – Alheimurinn með Sævari Helga*, *Útvarp KrakkaRÚV – Listir og menning með Ingi-björgu Fríðu*, *Krakkafréttir vikunnar*, *Útvarp KrakkaRÚV í beinni – samfélag krakkanna* og *Tónlistarstöð fyrir yngri kynslóðina*.

Leikrit fyrir börn í Útvarpsleikhúsinu

- Framhaldsleikrit ætlað allri fjölskyldunni var frumflutt um páska, leikritið Skepnan eftir Hildi Knútsdóttur, og um jól fékk Útvarpsleikhúsið til liðs við sig spunaleikhópinn Improv Ísland sem spannað þrjá stutta söngleiki með jólaívaði.

Nýtt leikið efni fyrir börn og fjölskyldur í sjónvarpinu

- Auk þess innlenda sjónvarpssefnis sem að framan greinir frumsýndi RÚV Loforð, nýja íslenska þáttaröð fyrir alla fjölskylduna, í leikstjórn Braga Þórs Hinrikssonar en þættirnir voru byggðir á hugmynd Guðjóns Karlssonar (Góa).

Fréttatengt efni fyrir börn

• KrakkaRÚV

KrakkaRÚV framleiddi fjóra útvarpsþætti í hverri viku: Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 18.30 fjölluðu Ingibjörg Fríða, Jóhannes Ólafsson, Sigyn Blöndal, Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason um vísindi, menningu, Krakkafréttir vikunnar og málefni líðandi stundar. Þættina mátti einnig finna á hlaðvarpinu og á vef KrakkaRÚV.

• Ungir fréttamenn

KrakkaRÚV og Reykjavíkurborg buðu tíu ungmönnum úr 8. til 10. bekk að gerast fréttamenn á Barnameningarhátíð í Reykjavík 25.-30. apríl. KrakkaRÚV hélt jafnframt í þriðja skiptið námskeið þar sem starfsmenn RÚV miðluðu af reynslu sinni og farið var yfir fréttaskrif, framsögn, viðtalstækni, internetið og tækni. Hópurinn fékk svo tækifæri til að fjalla um hátíðina í máli og myndum og birtust fréttirnar á KrakkaRÚV, RÚV.is og í Krakkafréttum.

• Krakkakosningar

Þá stóð KrakkaRÚV, í samstarfi við Umboðsmann barna, fyrir umfangsmikilli umfjöllun fyrir krakka í tengslum við alþingiskosningarnar 2017, í gegnum sérstakar Krakkakosningar. Markmiðið var að gefa börnum í grunn-skóla kost á því að taka þátt í kosningum og kjósa eftir sinni eigin sannfæringu. Um leið fengu börnin fræðslu um kosningar og þau framboð og frambjóðendur sem í boði voru.

Þjónusta fyrir ungt fólk

Forsenda þess að almannaðjónustufjölmiðill geti talist hafa skírskotun til samfélagsins alls er að hann bjóði einnig upp á efni sem höfðar til ungs fólks. Fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins að RÚV liti á það sem forgangsverkefni á næstu misserum að bæta þjónustu við þennan aldurshóp. Árið 2017 hafi m.a. verið undirbúnað prufur fyrir ungt fólk í dagskrárgerð og stefnt að því að fá ungt hæfileikafólk til liðs við RÚV. Einnig hafi RÚV núll tekið þátt í Hugmyndadögum sem haldnir voru í fyrsta sinn haustið 2017.

• RÚV núll fyrir 15-29 ára

Ný þjónusta fyrir fólk á aldrinum 15-29 ára var sett á laggirnar árið 2017 og fór í loftið árið 2018. Fékk hún heitið RÚV núll og var Snærós Sindradóttir ráðin verkefnastjóri fyrir þessa þjónustu sumarið 2017. Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að RÚV núll sé hluti af númiðlasviði sem endurspeglar stafrænar áherslur þjónustunnar. Teymið á bak við RÚV núll starfar með svipuðu sniði og KrakkaRÚV, er sjálfstæð eining sem rýnir þarfir þessa aldurshóps og framleiðir og miðlar dagskrá í takt við þær. Áhersla er lögð á að framleiða vandað efni, þar sem vefur og samfélagsmiðlar eru helstu miðlunarleiðir.

- „Hvað í fjandanum á ég að kjósa?“

Fyrsta þáttaröð RÚV núll, „Hvað í fjandanum á ég að kjósa?“, leit dagsins ljós í október 2017. Markmið þáttanna var að vekja athygli ungs fólks á kosningunum en í þeim ræddi ung kona við fulltrúa allra framboða til alþingiskosninga 2017 í þeim tilgangi að finna út hvaða stefnumál flokkanna samræmdust skoðunum hennar best.

- Í þáttunum **Framapot** kynntu Steiney Skúladóttir og Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir sér hvaða nám og störf standa ungu fólki til boða og fengu nasasjón af ýmiss konar starfsframa. Þátturinn hlaut Edduverðlaun 2018 í flokknum menningarþáttur ársins.

- Í þáttunum **Hæpið** voru ýmis óvenjuleg málefni krufin út frá ólíkum sjónarhornum og leitað svara við spurningum sem brenna á ungu fólki. Þátturinn hlaut fjölmiðlaviðurkenningu Stígamóta fyrir umfjöllun um kynferðisofbeldi og #metoo byltinguna. Þá hlaut Unnsteinn Manúel Stefánsson Edduverðlaun 2018 í flokknum sjónvarpsmaður ársins fyrir Hæpið.

- Norska ungmennapáttaröðin **Skömm** (Skam), naut mikilla vinsælda en þáttaröðin var sett í heild sinni í spilara á vef RÚV og í appi og hafði birting þeirra þar forgang fram yfir sýningar í sjónvarpi. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem boðið var upp á svokallað „lotugláp“ hjá RÚV

- Páskamynd RÚV 2017, **Mannasiðir**, eftir Maríu Reyndal, var sérstaklega ætluð ungu fólki á framhaldsskólaaldri.

Hlutlægni barnaefnis gagnvart stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum

Fjölmiðlanefnd hefur ekki ástæðu til að ætla annað en að barnaefni Ríkisútvarpsins, sem miðlað var undir yfirheitinu KrakkaRÚV árið 2017 og aðgengilegt var á miðlum Ríkisútvarpsins það ár, hafi verið hlutlægt og óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum. Engar kvartanir bárust fjölmiðlanefnd vegna meintrar hlutdrægni í barnaefni sem sýnt var á RÚV eða öðrum miðlum Ríkisútvarpsins árið 2017.

Auk þess sem áður greinir hefur fjölmiðlanefnd eftirlit með því að fjölmiðlar, þar á meðal Ríkisútvarpið, fari að ákvæðum laga um fjölmiðla nr. 38/2011 sem varða vernd barna. Engar kvartanir bárust fjölmiðlanefnd árið 2017 vegna meintra brota Ríkisútvarpsins á reglum um vernd barna gegn skaðlegu sjónvarpsefni eða reglum um auglýsingar í kringum barnaefni.

EFNI FYRIR BÖRN OG UNGMENN (KLST)	2014	2015	2016	2017
RÚV	780	732	718	698
RÚV2	36	3	11	25
Samtals	816	735	729	723

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um framleiðslu og miðlun fjölbreytts efnis fyrir börn og ungmenni, árið 2016. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í ákvæði 2.1.3. um aðgerðir og viðmið vegna áherslu á íslenskt efni fyrir börn, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019.

3.2.5 Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

6. Miðla afþreyingar- og menningarefni við hæfi fólks á öllum aldri. Erlent efni skal vera frá mismunandi menningarheimum og áhersla lögð á norrænt og annað evrópskt efni.

3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1.4 Forgangsröðun erlends sjónvarpsefnis

Ríkisútvarpið skal bjóða upp á fjölbreytt og vandað efni í sjónvarpi og útvarpi sem samræmist 6. tl. 3. mgr. 3. gr. laganna.

Ríkisútvarpið skal á samningstímanum auka hlutfall sjónvarpsefnis frá Norðurlöndunum með það að markmiði að það verði að lágmarki 7,5% af útsendu efni. Hlutfall sjónvarpsefnis á enskri tungu skal dregið saman um að lágmarki 5% á sama tímabili.

Framboð fræðsluefnis skal á samningstímanum ekki vera minna en það var á árinu 2015. Um framboð myndefnis fer að öðru leyti eftir 33. og 34. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Í greinargerð Ríkisútvarpsins segir að fjölbreytni og gæði hafi verið lögð til grundvallar við val á erlendu sjónvarpsefni, ekki hvað síst leiknu efni. Fram kemur að áfram hafi verið lagt kapp á að auka áherslu á norrænt efni á borð við *Veg drottins* (Herrens vej) frá Danmörku, *Nobel* frá Noregi og *Erfingjana* (Arvingen 3), auk þess sem meira hafi borið á leiknu efni frá öðrum Evrópulöndum. Áhersla og magn efnis frá Bandaríkjunum hafi minnkað jafnt og þétt frá árinu 2014, í takt við stefnu RÚV. Verðlaunaseriur á borð við *Berlínar-sögu* (Weissensee Saga 3) og *Afturgöngurnar* (Le Revenants) frá Frakklandi hafi vakið verðskuldaða athygli um leið og efni frá Bretlandi hafi sótt í sig veðrið og notið áberandi mikillar hylli, einkum vandaðar þáttaraðir eins og *Victoria* og *Poldark*. Á haustmánuðum var *Btóást* kynnt til sögunnar, verkefni sem hefur að markmiði að bjóða upp á fjölbreytt úrval sigildra bíómynda sem eiga það sameiginlegt að hafa löngum verið í sérlegu uppáhaldi hjá almennum bíóunnendum. Á undan myndunum ræddu kunnir bíóunnendur um viðkomandi mynd og útskýrðu hvers vegna hún væri í uppáhaldi.

Sjónvarpað var beint frá stórum, alþjóðlegum menningarviðburðum á borð við *Grammy-tónlistarverðlaunin* og *Óskarsverðlaunahátíðina*.

Sýndar voru heimildamyndir og fræðsluþættir og bar þar hæst fræðsluþáttaseriur frá BBC, *Jörðin* (Planet Earth II) og *Veðin* (The Hunt). Sýnd var heimildamynd um sögu Disney, viðtöl leikstjórans Oliver Stone við forseta Rússlands, Vladimir Pútín. Þá var tónlistarmannanna George Michael og Davids Bowie minnst í sérstökum heimildamyndum (*George Michael: Freedom* og *The Last Five Years*). Loks var þess minnst árið 2017 að tuttugu ár voru liðin frá andláti Díönu Bretaprinsessu, með sýningu tveggja heimildamynda og einnar sjónvarpsmyndar um ævi hennar og örlög.

Hlutfallsleg skipting eftir uppruna dagskrárefnis	2014	2015	2016	2017
Ísland	46,2%	41,4%	53,4%	48,4%
Önnur Norðurlönd	6,7%	6,8%	7,1%	8,4%
Önnur Evrópulönd	23,5%	25,9%	19,1%	22,9%
N-Ameríka (Bandaríkin og Kanada)	22,2%	24,8%	18,9%	19,4%
Aðrar heimsálfur	1,4%	1,1%	1,5%	0,9%
Hlutfall í %	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Samkvæmt töflunni hér að ofan jókst hlutfall sjónvarpsefnis frá Norðurlöndunum um 1,3 prósentustig frá 2016 og var 8,4% af útsendu efni árið 2017 en í þjónustusamningi er miðað við að hlutfallið verði aukið í að lágmarki 7,5% af útsendu efni á samningstímanum, 2016-2019. Hlutfall sjónvarpsefnis frá N-Ameríku jókst um 0,5 prósentustig frá fyrra ári, var 19,4% árið 2017, en í þjónustusamningi segir að hlutfall sjónvarpsefnis á enskri tungu skuli dregið saman um að lágmarki 5% á samningstímanum 2016-2019.

Í 1. mgr. 33. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skuli kosta kapps um að meirihluta útsendingartíma sé varið í íslenskt dagskrárefni og annað dagskrárefni frá Evrópu. Með útsendingartíma er í þessu sambandi átt við heildarútsendingartíma að frádregnum þeim tíma sem varið er til fréttu, íþróttaviðburða, leikja, auglýsinga, textavarpþjónustu og fjarkaupa. Þá segir í 2. mgr. að fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni eftir pöntun skuli eftir því sem unnt er tryggja með viðeigandi aðferðum að íslenskt efni og annað evrópskt efni sé áberandi hluti af framboði hennar.

Í 34. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveita sem miðlar myndefni í línulegri dagskrá skuli, eftir því sem unnt er, sjá til þess að minnst 10% af útsendingartíma, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 33. gr., á ári hverju eða minnst 10% af árlegu dagskrárfé sé varið til evrópskra verka sem framleidd séu af sjálfstæðum framleiðendum.

Hlutfall innlands og erlends efnis í dagskrá	2014	2015	2016	2017
RÚV innlent í klst.	1900	1652	2091	1798
RÚV erlent í klst.	2596	2595	2220	2194
RÚV2 innlent klst.	434	186	470	341
RÚV 2 erlent klst.	119	11	17	88
Hlutfall í %	46,2%	41,4%	53,4%	48,4%

Hlutfall innlands og erlends efnis á kjörtíma (19-23)	2014	2015	2016	2017
RÚV innlent í klst.	697	699	790	698
RÚV erlent í klst.	619	618	529	609
RÚV2 innlent klst.	233	112	212	173
RÚV 2 erlent klst.	66	5	6	31
Hlutfall í %	57,6%	56,6%	65,2%	57,6%

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um miðlun erlends efnis, með áherslu á norrænt og annað evrópskt efni, árið 2016. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í ákvæðum 33. og 34. gr. laga um um fjölmiðla, sem og ákvæði 2.1.4. um forgangsroðun erlends sjónvarpsefnis, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019.

3.2.6 Varðveisla og miðlun eldra efnis - Gullkista Ríkisútvarpsins

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna. Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda. Heimilt er að fela viðurkenndum söfnum varðveislu framangreindra menningar- og söguminja en óheimilt er að selja þær, gefa eða farga nema að fenginni umsögn safnaráðs samkvæmt safnalögum.

6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1.5 Varðveisla og miðlun eldra efnis - Gullkista Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið skal skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna varðveita hljóðritanir, filmur, myndefni og aðrar sögulegar minjar sem ætla má að hafi menningarlegt og sögulegt gildi fyrir íslensku þjóðina og heyra ekki sérstaklega undir lög um skylduskil til safna. Ríkisútvarpið skal tryggja sem greiðast aðgengi að safnaefni, hvort sem er til einkanota eða til viðskiptalegrar hagnýtingar sjálfstæðra framleiðenda. Þjónustan skal bera nafnið Gullkista Ríkisútvarpsins.

Á samningstímanum skal stefnt að því að færa safnaefni yfir á varanlegt stafrænt form og gera það aðgengilegt almenningi. Ríkisútvarpið skal vegna þessa framkvæma sérstakt kostnaðarmat og kynna mennta- og menningarmálaráðherra það. Í kjölfar þess verði tekin ákvörðun um framhald verkefnisins.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Árið 2017 lauk skýrslugerð með tillögu um yfirfærslu alls safnaefnis Ríkisútvarpsins á stafrænt form og hvernig gera eigi Gullkistu RÚV aðgengilega almenningi.

Samkvæmt útreikningum Ríkisútvarpsins fyrir bæði sjónvarp og útvarp voru alls 2489 spólur með eldra efni yfirfærðar á stafrænt form á árinu 2017. Um var að ræða bæði segulbönd og myndbönd, ýmist með einum þætti eða nokkrum á hverju bandi. Er þetta nokkuð minna magn en yfirfært var á stafrænt form árið 2016 en það ár var metár vegna stórafmælis sjónvarps og var mikil yfirfærsla vegna dagskrárgerðar sem tengdist afmælinu.

Safn Ríkisútvarpsins er opið almenningi alla virka daga og er boðið upp á aðstöðu til að nálgast upptökur RÚV, hvort sem þær hafa verið yfirfærðar á stafrænt form eða ekki. Í greinargerð Ríkisútvarpsins segir að árið 2017 hafi verið sett upp aðstaða með nýju tæki sem leyfi yfirfærslu á fjórum segulböndum samtímis. Hafi hljóðmaður verið fenginn í 100% stöðu tímabundið til að hefja vinnuna og sækist honum verkefnið vel.

Þá kemur fram í greinargerðinni að á árinu hafi verið sett upp vefviðmót sem geri dagskrárgerðarfólki auðvelt fyrir að skrá lýsigögn með þáttunum sínum og tryggi þessi viðbót bætta upplýsingar um dagskrárefni, bæði þegar litið sé til styttri og lengri tíma. Einnig hafi verið opnað fyrir vefskráningu á tónlist þannig að allir tónlistarmenn sendi inn ný lög og upplýsingar til skráningar í safninu með rafrænum hætti.

Skönnun spjaldskrár hófst 2017 og allar skráðar upplýsingar um elstu filmur sjónvarpsins voru skannaðar og færðar í gagnagrunn hjá Kvikmyndasafni Íslands, þar sem filmurnar eru geymdar en einnig eru gögnin varðveitt hjá RÚV. Skönnun á skýrslum með segulböndum hófst einnig 2017 og eru þær aðgengilegar í gagnagrunni safnsins.

Dagskrárgerðarfólk hefur verið sérstaklega hvatt til að nýta sér efni úr safni RÚV og hefur t.d. nokkur vinna farið í að finna til efni vegna undirbúnings fullveldisafmælis Íslands 2018, auk þess sem aðrir þátta-gerðarmenn hafa unnið markvisst að því að nýta gamalt efni fyrir þætti sína.

Í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins er kveðið á um að safnaefni skuli fært yfir á stafrænt form á samningstímanum, sem lýkur í lok árs 2019, og að Ríkisútvarpið skuli vegna þessa framkvæma sérstakt kostnaðarmat og kynna mennta- og menningarmálaráðherra það en í kjölfar þess verði tekin ákvörðun um framhald verkefnisins.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu hófst undirbúningur fyrir kostnaðarmat og aðgerðaáætlun á árinu 2017. Verkefnið fólst í að greina safn Ríkisútvarpsins og skila tillögu að aðgerðaáætlun um það hvernig safnaefninu verði komið á stafrænt form og hvernig skráning þess verði endurskoðuð þannig að það uppfylli nútímakröfur um aðgengi og nýtingu. Einnig fólst verkefnið í því að gera kostnaðarmat og tillögu miðað við að verkefninu verði lokið á fimm árum. Markmiðið var að standa að verkefninu á sem hagkvæmastan hátt en þó þannig að öllum gæðastuðlum væri fullnægt. Síðast en ekki síst var horft til þess hvernig almannabjónustumiðlar í nágrannalöndum hafa unnið að sambærilegum málum. Þar var leitað til DR, SVT, Kringvarpsins í Færeyjum og NRK. Greinargerð RÚV lauk á tilskildum tíma, í september 2017, þegar stjórn afgreiddi hana en vegna kosninga urðu tafir á að ráðherra gæti veitt greinargerðinni formlega viðtöku. Greinargerðin var afhent ráðherra á fyrri hluta árs 2018.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. um varðveislu og miðlun eldra efnis árið 2016, sbr. ákvæði 2.1.5. í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019.

3.2.7 Umfjöllun um íþróttir

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:

3. Bjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttá Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.
3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.1 Ríkisútvarpið skal fjalla um, útvarpa og sýna frá menningartengdum viðburðum sem og íþróttaviðburðum, bæði innanlands og erlendis. Í umfjöllun um íþróttaviðburði skal fjölbreytni höfð að leiðarljósi og jafnræðis gætt á milli íþróttagreina eins og kostur er.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins

Íþróttaviðburðir

Í október 2017 tryggði íslenska karlalandsliðið í fótbolta sér sæti í lokakeppni heimsmeistaramótsins í Rússlandi 2018, með sigri á Kósóvó á Laugardagsvelli. RÚV sýndi alla leiki Íslands í undankeppninni í beinni útsendingu. Áhugi almennings á undankeppninni var mikill en 58% áhorf var á leik Íslands og Kósóvó og 45% áhorf á leik Íslands og Króatíu.

Kvennalandsliðið í fótbolta komst jafnframt í lokakeppni Evrópumótsins í Hollandi og sýndi RÚV alla leiki mótsins í beinni útsendingu. Íþróttafréttamennirnir Edda Sif Pálsdóttir og María Björk Guðmundsdóttir hlutu fjölmiðlaviðurkenningu KSÍ fyrir þættina *Leiðin á EM*, sem sýndir voru í aðdraganda keppinnar og fjölluðu um leið kvennalandsliðsins á EM.

RÚV sýndi beint frá lokakeppni HM í handbolta í Frakklandi og frá lokamóti EM karla í körfubolta í Finnlandi en þetta var í annað sinn sem karlalandslið Íslands í körfubolta fór á lokamót.

RÚV sýndi beint frá heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum í London. Í greinargerð Ríkisútvarpsins segir að mótið hafið verið það síðasta hjá Usain Bolt og Mo Farah, margföldum Ólympíu- og heimsmeisturum, og hafi eftirvæntingin því verið talsverð. Aníta Hinriksdóttir keppti jafnframt á mótinu, kom fjórða í mark í sínum riðli í undanrásum og náði með því bestum árangri Íslendinga. Þá vann Helgi Sveinsson spjót-kastari silfurverðlaun á heimsmeistaramóti fatlaðra, sem einnig fór fram í London, en Helgi keppti í fötlunar-flokki 42-44, sem er flokkur aflimaðra. RÚV var á staðnum og sendi beint út frá báðum þessum mótum, auk samantektarþátta sem sýndir voru alla virka daga.

Meistaradagar

Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að íþróttahátíðin *Meistaradagar* hafi verið haldin í fyrsta sinn í apríl 2017 í samstarfi RÚV og margra sársambanda. Keppt hafi verið um bikar- og meistaratitla í beinni sjónvarpsútsendingu, með veglegri umgjörð. Margt af allra fremsta íþróttafólki þjóðarinnar hafi verið meðal þátttakenda og keppt um stóra titla í ýmsum greinum hóp- og einstaklingsíþróttar.



Hlutfall íþróttar af heildardagskrá

ÍÞRÓTTIR skipt eftir helstu íþróttagreinum	2015	2016	2017
Íþróttafréttir	0,16%	0,49%	0,88%
Fótbolti	0,82%	1,54%	2,44%
Körfubolti	1,13%	0,39%	1,40%
Handbolti	2,93%	2,57%	2,20%
Blak	0,08%	0,08%	0,06%
Mótorsport	0,17%	0,17%	0,30%
Vetrariþróttir	0,00%	0,14%	0,70%
Sund	0,00%	0,26%	0,51%
Hestaíþróttir	0,25%	0,21%	0,17%
Frjálsar íþróttir	0,84%	0,33%	0,75%
Fimleikar	0,22%	0,25%	0,12%
Aðrar íþróttir	0,88%	0,78%	0,95%
Blandaðar íþróttir	1,33%	4,86%	0,77%
Samtals	8,81%	12,07%	11,25%



Hlutfall íþrótta af heildardagskrá

ÍÞRÓTTIR skipt eftir helstu íþróttagreinum	2014	2015	2016	2017
Íþróttafréttir	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Fótbolti	5,28%	17,00%	1,59%	10,55%
Körfubolti	1,42%	8,34%	0,74%	9,90%
Handbolti	18,57%	23,03%	15,82%	23,40%
Blak	2,21%	0,00%	0,00%	0,00%
Mótorsport	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Vetrariþróttir	16,24%	4,58%	0,31%	1,55%
Sund	0,00%	0,00%	0,00%	1,46%
Hestaíþróttir	1,41%	1,12%	1,07%	0,00%
Frjálsar íþróttir	3,16%	5,78%	2,87%	9,72%
Fimleikar	1,22%	0,00%	0,00%	2,81%
Aðrar íþróttir	2,54%	0,00%	1,45%	1,36%
Blandaðar íþróttir	4,28%	3,34%	25,34%	2,61%
Samtals	56,33%	63,19%	49,19%	63,36%

Heildarútsendingartími íþróttaefnis í klst. árið 2017 var 482 klst. á RÚV (11,25%) og 292 klst. (63,36%) á RÚV2. Hlutfall íþróttaefnis af dagskrá beggja sjónvarpsrása, RÚV og RÚV2, var 16,3%. Um kynjahlutfall í dagskrá RÚV, þ.m.t. íþróttaðagskrá er fjallað í kafla 4.7.

ÍÞRÓTTIR (KLST.)	2014	2015	2016	2017
RÚV	663	408	567	482
RÚV2	404	147	274	292
Samtals	1067	555	841	774

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um umfjöllun um ólík svið menningar og íþrótta, sbr. ákvæði 2.1., þ. á m. um fjölbreytni og jafnræði milli íþróttagreina í íþróttaumfjöllun í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019.

3.2.8 Önnur menningarumfjöllun og menningarefni

Sjónvarp

RÚV

Menningartengdir viðburðir

Beinar útsendingar og upptökur frá menningartengdum viðburðum léku stórt hlutverk í dagskrá Ríkisútvarpsins 2017. Tónlist var sérstaklega fyrirferðarmikil, bæði klassísk og samtímatónlist. Sýnt var frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Emelíönu Torrini, John Grant og Skálmöld, ásamt sinfónískum vísindatryllistónleikum Ævars vísindamanns, í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Auk þess sýndi RÚV afmælistónleika Bubba Morthens, 100 ára afmælistónleika karlakórsins Fóstbræðra, sjálfshátíð Nýðanskra í

sjónvarpsal, stórtónleika Friðriks Dórs í Hörpu, kveðjutónleika hljómsveitarinnar Retro Stefson og jóla- og fjölskyldutónleika Góa og Stórsveitarinnar.

Þjóðinni gafst aftur kostur á að velja eftirlætistónverk sín í netkosningu undir yfirskriftinni Klassíkin okkar og Sinfóníuhljómsveit Íslands og fremstu óperusöngvarar og kórar landsins fluttu svo verkin á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu, sem sýndir voru í beinni útsendingu á RÚV. Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að verkefnið hafi verið unnið þvert á miðla hjá RÚV og hafi verið boðið upp á tengda dagskrá á Rás 1, á nýjum Menningarvef o.fl.

Einnig var sýnt frá viðburðum á Listahátíð í sjónvarpi, þar á meðal hátíðarsýningu The Mosaic Project og UR Kammeróperuna. Í desember var RÚV með beinar útsendingar frá tveimur viðburðum á tónlistarhátíð á vegum hljómsveitarinnar Sigur Rósar, Norður og niður, sem haldin var í Hörpu á milli jóla og nýárs. Þetta voru opnunartónleikar hátíðarinnar, Gloomy Holiday, þar sem þekkt jólalög voru færð í myrkari búning, og lokatónleikar Sigur Rósar í Eldborgarsal.

Íslensk menningar- og fræðsluefni og þættir um samfélagsmálefni

Fyrir fjórum árum hóf RÚV að framleiða sérstakar, vandaðar þáttaraðir, sem tileinkaðar eru tilteknum listgreinum. Þáttaröðin Útúrur fjallaði um tónlist, þáttaröðin Stóra sviðið um leiklist, þáttaröðin Steinsteypuöldin um arkitektúr og árið 2017 var sjónum beint að samtímalist á Íslandi í þáttaröðinni Opnun, sem sýnd var snemma árs. Þar var fylgst með tólf myndlistarmönnum að störfum og sköpunarferli þeirra miðlað.

Fimm nýir þættir í viðtals- og tónlistarþáttaröðinni *Af fingrum fram* voru frumsýndir í upphafi árs, eftir þrettán ára hlé, en í þáttunum ræddi Jón Ólafsson tónlistarmaður við ýmsa þekkta tónlistarmenn. Einnig voru sýndir fjórir nýir þættir í þáttaröðinni *Stúdíó A*, þar sem íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn, jafnt þekktir sem minna þekktir, fluttu ný lög í myndveri RÚV.

Fjallað var um bókmenntir í menningarþættinum *Kiljunni*, í umsjón Egils Helgasonar, þar sem þáttastjórnandi og gagnrýnendur Kiljunnar fóru yfir það forvitnilegasta í heimi bókmenntanna.

Í þættinum *Velkominn Porri* ræddi Sigurlaug M. Jónasdóttir við góða gesti um matargerð og aðra siði sem tíðkast á þorranum. Einnig voru flutt sex ný þorralög eftir Ragnhildi Gísladóttur og Steinunni Þorvaldsdóttur.

Menningarumfjöllun var sinnt í þættinum *Menningin* allan veturinn en samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins hefur áhorf á menningarfréttir og -miðlun ekki mælst meira í seinni tíð. Fastir viðburðir voru á sínum stað: *Tónaflóð á Menningarnótt*, *Músíktílaunir*, *Söngkeppni framhaldsskólanna*, *Iceland Airwaves*, *Eddan*, *Gríman* og *Íslensku tónlistarverðlaunin*.

Íslenskar heimildamyndir og -þættir

Boðið var upp á fjölda heimildamynda á RÚV þar sem fjallað var um menningu frá ýmsum sjónarhornum. Sýnd var heimildamynd um 100 ára starfsafmæli Leikfélags Akureyrar, mynd um einleikjahátíðina Act Alone á Vestfjörðum, þátt um Sigurð Pálsson rithöfund og þátt um Tónsmiðjuna, þar sem fylgst var með íslenskum tónlistarkonum sem hittust á Hvammstanga til að vinna að tónsmíðum og textagerð. Þá var á dagskrá *Sýning sýninganna*, heimildamynd um sögu fjölleikahúsa og farandskemmtikrafta við frumsamda tónlist eftir nokkra liðsmenn Sigur Rósar. Í annarri mynd var fylgst með ferð karlakórsins Fóstbræðra til Lundúna í Abbey Road hljóðverið. Í myndinni *Vegir liggja til allra átta* var farið yfir farsælan feril leikkonunnar Kristbjargar Kjeld.

Í myndunum *Sporlaust* (Out of thin air) og *Meinsærið*, sem sýndar voru á haustmánuðum 2017, var fjallað um Guðmundar- og Geirfinnsmálið og tilurð þeirra röngu sakargifta sem fjallað hefur verið um undanfarna

áratugi. Meðal annarra heimildamynda voru *Finndið*, *Halli sigurvegari*, *Ljúfi vatnsdalur*, *Línudans*, *Eldhuginn Sigurður A. Magnússon*, *InnSæi* og *Spólað yfir hafið*, sem sýnd var í tveimur hlutum.

Í tilefni þess að 500 ár voru frá upphafi siðbreytingarinnar gerði RÚV tvo þætti um lífshlaup Marteins Lúthers og helstu hugmyndir siðbótarinnar. RÚV frumsýndi einnig tvær heimildabáttaraðir, annars vegar *Vatnajökul – Eldhjarta Íslands*, þáttaröð í fjórum hlutum þar sem áhorfendur kynntust undraheimi jökulsins, og hins vegar tvo þætti um Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrverandi forsætisráðherra og formann Samfylkingarinnar.

Leikið íslenskt efni

Sjá umfjöllun í kafla 2.3 og 2.4.

Leikið erlent efni

Sjá umfjöllun í kafla 2.5.

LEIKIÐ EFNI (KLST.)	2014	2015	2016	2017
RÚV	2085	2055	1868	1734
RÚV2	96	3	16	74
Samtals	2181	2058	1884	1808

Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva

Fyrirkomulag Söngvakeppninnar 2017 var með svipuðu sniði og síðastliðin tvö ár. Tvær forkeppnir voru haldnar í Háskólabíó og úrslit fóru fram í Laugardagshöll. Almennungi bauðst að kaupa miða á forkeppni og úrslit og komust færri að en vildu. Svala Björgvinsdóttir stóð uppi sem sigurvegari í keppninni og keppti fyrir Íslands hönd í Eurovision með lag sitt Paper í Kænugarði í Úkraínu í maí 2017. Þess má einnig geta að Helgi Jóhannesson og Vilhjálmur Siggeirsson hlutu Edduverðlaun 2018 í floknum upptöku- eða útsendingarstjórn fyrir Söngvakeppnina 2017.

LISTIR, MENNING, VÍSINDI, TÓNLIST OG TRÚMÁL (KLST)	2014	2015	2016	2017
RÚV	812	778	861	682
RÚV2	31	14	42	10
Samtals	843	792	903	692

Útvarp

Rás 1

Fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á dagskrá Rásar 1 á undanförnum árum. Hafi þær miðað að því að styrkja dagskrárrammann, þar sem megináhersla sé lögð á sterka samfélags- og fréttaumfjöllun, menningarumfjöllun, mannlífþætti og tónlist.

Menning, saga og samfélagsmál á Rás 1

Dagskrá Rásar 1 hófst á *Morgunvaktinni*, frá kl. 6.50-9. Þátturinn *Segðu mér* tók við og þá nýr tónlistarþáttur með Kristjáni Kristjánssyni tónlistarmanni, Á reki með KK. *Mannlegi þátturinn* og *Samfélagið* voru á dagskrá fyrir og eftir hádegi. Eftir það tók tónlist við og endurfluttir þættir af ýmsu tagi úr helgardagskrá. Síðdeggið var helgað menningunni. Eftir fréttabáttinn *Spegilinn* voru sendir út þættir á vegum KrakkaRÚV og kl. 19 tóku við tónlistarútsendingar frá viðburðum í evrópskum tónlistarsölum eða tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kvölddagskrá Rásar 1 samanstóð að mestu af endurflutningi á efni frá því fyrr

um daginn en Kvöldsagan var þó fastur punktur í henni. Þá kemur fram í greinargerð Ríkisútvarpsins að bryddað hafi verið upp á þeirri nýbreytni að hafa alla nýja bókmenntalestra aðgengilega í Hlaðvarpi RÚV og hafi það bætt mjög þjónustu við hlustendur. Fjórir nýir lestrar hafi verið teknir upp á árinu, *Tómas Jónsson Metsölubók* eftir Guðberg Bergsson, *Undantekningin* eftir Auði Övu Ólafsdóttur, *Fiskarnir hafa enga fætur* eftir Jón Kalman Stefánsson og *Óratorrek* eftir Eirík Örn Norðdahl. Tekin voru ítarleg viðtöl við þrjá fyrstnefndu höfundana af þessu tilefni, bæði í hljóði og mynd.

Heimildapættir á Rás 1

Þá kemur fram í greinargerð Ríkisútvarpsins að þáttum sem byggja á ítarlegri heimilda- og hljóðvinnu hafi markvisst verið fjölgað í dagskrá Rásar 1. Þar á meðal megir nefna þætti Veru Illugadóttur, Í ljósi sögunnar, sem slegið hafi rækilega í gegn, einkum í Hlaðvarpinu, og ýmsar þáttaraðir á borð við *Reykjavíkurnætur* eftir Sigyn Blöndal, *Fátækt fólk* eftir Mikael Torfason, *460 Tálknafjörður* eftir Arnhildi Hálfðánardóttur og *Markmannshanskana hans Alberts Camus* eftir Guðmund Björn Þorbjörnsson.

Þáttaröðin *Ástandsbörn* í umsjón Viktoríu Hermannsdóttur dagskrárgerðarmanns var flutt á Rás 1 og hlaut Viktoría blaðamannaverðlaun 2017 fyrir viðtal ársins í þeim þáttum en hún talaði við Árna Jón Árnason í þættinum *Á ég bróður á Íslandi?*

Tónlist og menningartengdir viðburðir á Rás 1

Tónlist kom við sögu í flestum dagskrárliðum Rásar 1 árið 2017 og var hlutur hennar tæpur þriðjungur af dagskrá rásarinnar. Á dagskrá Rásar 1 voru tónlistarþættir, þar sem umsjónarmenn kynntu tónlist af ýmsu tagi, tónleikahljóðritanir, bæði innlendar og erlendar og hljóðrit Ríkisútvarpsins, bæði ný og úr safni.

Hljóðritun á tónlist er einn mikilvægasti liðurinn í tónlistardagskrá Rásar 1, eins og fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins. Útvarpað var beint frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og útsendingum frá tónlistarviðburðum hér á landi, á borð við Listahátíð í Reykjavík, Jazzhátíð Reykjavíkur og sýningum Íslensku óperunnar. Upptökur frá ýmsum tónlistarviðburðum voru fluttar, annars vegar í þættinum *Úr tónlistarlífínu* og hins vegar í hátíðardagskrá. Auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands er Rás 1 í samstarfi um hljóðritanir við Stórsveit Reykjavíkur, tónlistarhátíðirnar Myrka músíkdaga, Reykjavík Midsummer Music, Reykholtshátíð og Sumartónleika í Skálholti. Enn fremur má nefna tónleika Kammersveitar Reykjavíkur, tónleika úr Tí-brárröð Salarins í Kópavogi, tónleika Kammermúsíklúbsins, Kúnstþásu Íslensku óperunnar, Ung Nordisk Musik og tónleikahljóðritanir frá Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði og Reykjavík Folk Festival.

Á Rás 1 voru sígild tónlist og samtímatónlist í öndvegi en einnig djass, dægurlög fyrri tíðar og það sem skaraði fram úr í nýrri tónlist af öllum gerðum hér á landi sem og erlendis. Leitast var við að upplýsa og fræða hlustendur um sögu tónlistar og strauma og stefnur í samtímanum. Þar gegndu þættir á borð við *Lestina* mikilvægu hlutverki og einnig þáttaröðin *Klassíkin okkar* – heimur óperunnar, sem og spurningaleikurinn *Hvað er að heyra?* Í október stóð Rás 1 fyrir sinni eigin tónlistarhátíð, *Deilt með tveimur*, þar sem frumflutt voru ný verk sem pöntuð voru sérstaklega af þessu tilefni.

Samband við Samband evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU) er þýðingarmikill liður í tónlistardagskrá Rásar 1. Hljóðritanir Ríkisútvarpsins standa öðrum evrópskum sjónvarpsstöðum til boða, auk þess sem Ríkisútvarpið hefur tekið þátt í alþjóðlegum útsendingum til milljóna hlustenda um allan heim, til dæmis á árlegum tónleikadögum EBU.

Útvarpsleikhúsið á Rás 1

Útvarpsleikhúsið frumflutti fjögur framhaldsverk, tvö stök verk og sjö stuttverk eftir nemendur í ritlist við Háskóla Íslands. Framhaldsleikrit fyrir alla fjölskylduna var frumflutt um páska, leikritið *Skepnan* eftir Hildi Knútsdóttur, og um jól fékk Útvarpsleikhúsið til liðs við sig spunahópinn *Improv Ísland* sem spanna þrjá stutta söngleiki. Framhaldsleikritið *Lífur* eftir Jón Atla Jónasson hlaut þriðju verðlaun á evrópsku ljósvakahátíðinni

Prix Europa í sínum flokki á árinu og undirritaður var samstarfssamningur til þriggja ára við Sviðslistadeild Listaháskóla Íslands sem felur meðal annars í sér að útskriftarárgangar leika í útvarpsverkum sem samin verða sérstaklega fyrir hópinn. Einnig kemur fram í greinargerð Ríkisútvarpsins að leikritið *Mannasiðir* eftir Maríu Reyndal, sem frumflutt hafi verið á árinu, hafi fengið framhaldslíf í sjónvarpi á árinu 2018 en RÚV framleiddi sjónvarpsmynd í tveimur þáttum sem byggð er á útvarpsverkinu.



heildardagskrá

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2015	2016	2017
Rás 1	8340	8784	8652

Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2015	2016	2017
Rás 1	23	24	24

Skipting dagskrárefnis eftir efniþáttum (klst. og hlutfall af heild)	2015	%	2016	%	2017	%
Leikið efni	27	0,33%	36	0,41%	20	0,23%
Skemmtiefni og dægurvöl	140	1,68%	94	1,07%	41	0,48%
Barna og unglingsæfni	73	0,87%	54	0,61%	57	0,66%
Sígild tónlist	882	10,57%	972	11,06%	736	8,51%
Önnur tónlist (djass-, milli-, popp- og rokk-tónlist - þjóðlög/heimstónlist)	657	7,59%	676	7,71%	700	8,09%
Fréttir og fréttatengt	762	9,13%	706	8,04%	733	8,48%
Samfélagsmál	1816	21,77%	1799	20,48%	2115	24,44%
Listir, menning og vísindi	3654	43,81%	4103	46,70%	3918	45,28%
Trúmál	215	2,58%	97	1,11%	101	1,17%
Auglýsingar	114	1,37%	154	1,75%	153	1,77%
Annað efni (kynningar og uppfylling)*			93	1,06%	78	0,90%
*skráning á öðru efni hófst 2016	8340	99,70%	8784	100,00%	8652	100,01%

Rás 2

Áhersla á grasrótastarf í íslenskri tónlist

Íslensk tónlist var í öndvegi á Rás 2 árið 2017 sem fyrr og rötuðu ný íslensk lög greiðlega inn á spilunarlista stöðvarinnar. Rúmlega helmingur þeirrar tónlistar sem flutt var á Rás 2 var íslensk, auk þess sem mikið var lagt upp úr tónleikaupptökum. Ungt tónlistarfólk fékk tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri eins og fyrri ár og ákveðið var að auka hlut íslenskrar rapptónlistar, þar sem mikil gerjun á sér stað um þessar mundir. Grasrótinni í íslenskri tónlist var einnig sinnt í þáttum á borð við *Langspil* og *Skúrinn* þar sem eingöngu var leikin ný, íslensk tónlist.

Beinar útsendingar frá tónlistarhátíðum og viðburðum

Rás 2 tók þátt í stórum tónlistarhátíðum og sendi m.a. beint út frá tónlistarhátíðunum Aldrei fór ég suður, Drangey, Iceland Airwaves, Secret Solstice, Sónar og Havarí. Hápunktur ársins á Rás 2 var Tónaflóð, stórtónleikar Rásar 2 á Menningarnótt. Hljómsveitin Síðan skein sól lauk dagskrár Tónaflóðs árið 2017 og fagnaði um leið 30 ára starfsamæli sínu.

Músíktilraunir voru haldnar í 35. sinn en Rás 2 hefur útvarpað óslitið frá úrslitakvöldinu frá 1992. Sigursveitin 2017 var Between Mountains sem skipuð er tveimur vestfirskum stúlkum.

**heildardagskrá**

Heildarútsendingartími í línulegri dagskrá (klst.)	2015	2016	2017
Rás 2	8761	8786	8676

Meðalútsendingartími á sólarhring (klst.)	2015	2016	2017
Rás 2	24	24	24

Skipting dagskrárefnis eftir efnisþáttum (klst. og hlutfall af heild)	2015		2016		2017	
Skemmtiefni	192	2,19%	186	2,11%	178	2,05%
Millitónlist	181	2,07%	212	2,41%	185	2,13%
Popp og rokktonlist	4110	46,92%	4619	52,58%	5226	60,23%
Íþróttir	254	2,90%	250	2,84%	267	3,08%
Fréttir og fréttatengt	869	9,92%	861	9,80%	818	9,43%
Samfélagsmál	2778	31,71%	2316	26,36%	1636	18,85%
Listir, menning og vísindi	9	0,10%	9	0,10%	9	0,11%
Auglýsingar	368	4,20%	333	3,79%	357	4,12%
	8761	100,01%	8786	99,99%	8676	100,00%

Hlutfall íslenskrar tónlistar
50-56% síðustu 5 ár

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 3. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um umfjöllun um ólík svið menningar og lista.

3.3 Lýðræðishlutverk

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

1. Hafa í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur, þ.m.t. um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana.
2. Veita viðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttar- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni liðandi stundar.
3. Vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á málum sem efst eru á baugi hverju sinni og almenning varða.
4. Kynna margbreytileika mannlífs, lífsviðhorfa og lífsskilyrða í landinu.
5. Miðla upplýsingum og veita landsmönnum innsýn í alþjóðamál, mismunandi menningarheima og ólík sjónarmið.
6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.
7. Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboða, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðaratkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráartíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi. Í alþingiskosningum er heimilt að takmarka útsendingartíma þeirra framboða sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í.

2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal veita landsmönnum upplýsingar sem þeir eiga að geta treyst að dragi hvorki taum hagsmunahópa, stjórn-málasamtaka, einstaklinga né ákveðinna sjónarmiða. Með því móti gerir Ríkisútvarpið fólki kleift að móta skoðanir sínar og draga ályktanir út frá réttum upplýsingum, eftir því sem framast er unnt hverju sinni. Ríkisútvarpið skal halda úti fréttapjónustu í útvarpi, sjónvarpi og eftir öðrum viðeigandi miðlunarleiðum. Ríkisútvarpið skal flytja fréttir í tengslum við kosningar og mikil-væga stjórnmálaviðburði.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

3.3.1 Fréttapjónusta

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

Veita viðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttar- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni liðandi stund-ar.

2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið:

-stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.

6. tölul. 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Fréttastofa RÚV er staðsett í Efstaleiti í Reykjavík og flytur fréttir af innlendum og erlendum vettvangi í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum allan sólarhringinn, alla daga ársins.

2.2.1 Fréttapjónusta

Ríkisútvarpinu ber samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna að veita viðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttar- og fréttar-skýringarþjónustu um innlend og erlend málefni liðandi stundar.

Fréttapjónusta Ríkisútvarpsins skal vera óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efn-ismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Fréttastofa starfar samkvæmt fréttareglum þar sem þetta skal útfært nánar.

Á gildistíma samningsins verða forsetakosningar 2016, alþingiskosningar 2017 [skrifað fyrir stjórnarslit og alþingiskosningar 2016, innsk. fjölmiðlanefndar] og sveitarstjórnarkosningar 2018. Fyrir kosningar skal Ríkisútvarpið miðla upplýsingum til landsmanna og koma skoðunum og málstað stjórnmálahreyfinga og frambjóðenda á framfæri. Fyrir framangreindar kosningar greinir Ríkisútvarpið frá framboðum, fjallar um frambjóðendur og stefnumál. Ríkisútvarpið fylgist með kosningum og kosninga-úrslitum og birtir þau.

Aðgerðir og viðmið:

-Ríkisútvarpið skal setja sér nýja og endurskoðaðar fréttareglur í samræmi við gr. 2.4. í samningi þessum. Fréttareglurnar skulu svo endurskoðaðar á minnst þriggja ára fresti.

-Ríkisútvarpið skal birta reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag. Ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara skal Ríkisútvarpið birta reglur eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynnt hefur verið um kosningarnar.

-Fyrir alþingiskosningar verður öllum framboðum gefinn kostur á eigin kynningu frambjóðenda sinna og stefnumála í sjónvarpi. Reglur þar um skulu liggja fyrir þremur mánuðum fyrir kjördag.

-Fyrir alþingiskosningar skal Ríkisútvarpið greina frá framboðum í öllum kjördæmum í landinu og kynna framboð og stefnumál.

-Fyrir forsetakosningar kynni Ríkisútvarpið alla frambjóðendur til embættisins með jafngildum hætti. Fyrir forsetakosningar efnir Ríkisútvarpið til umræðu og þáttagerðar þar sem frambjóðendur geta rætt um stefnumál sín.

-Fyrir sveitastjórnarkosningar skal Ríkisútvarpið að minnsta kosti greina frá framboðum í öllum stærstu sveitarfélögum í landinu og kynna framboð og stefnumál.

-Þann 1. desember 2018 verða 100 ár frá því að Ísland varð fullvalda ríki. Ríkisútvarpið skal gera þeim tímamótum skil í dagskrá sinni.

-Ríkisútvarpið heldur úti veðurþjónustu allan sólarhringinn, m.a. með samningi við Veðurstofu Íslands.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

RÚV starfrækir svæðisstöðvar á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og í Borgarnesi og er landsbyggðarþjónusta stýrt frá svæðisstöðinni á Akureyri. Að auki ferðast starfsmenn fréttastofu og dagskrárdeilda um landið til að safna efni í fréttir og dagskrá.

Framboð Ríkisútvarpsins af fréttum og fréttatengdu efni var fjölbreytt árið 2017 og var fréttæfnið aðgengi-legt í gegnum sjónvarp, í línulegri og ólínulegri dagskrá, útvarp, á vef og í appi fyrir snjalltæki.

Sjónvarp (RÚV og RÚV2/RÚV Íþróttir)

Sjónvarps-, íþrótt- og veðurfréttir, í samstarfi við Veðurstofu Íslands, voru fluttar í beinni útsendingu einu sinni á dag og tvisvar sinnum mánudaga til fimmtudaga. Fastir fréttatímar voru kl. 19 alla daga og kl. 22 á virkum dögum nema föstudögum. Umræðu- og fréttaskýringaþátturinn *Kastljós* var á dagskrá fjóra daga vikunnar, mánudaga-fimmtudaga, þar sem kafað var dýpra í málefni liðandi stundar. Þá var þjónusta fréttastofunnar aukin með nýjum, vikulegum fréttaskýringaþætti, *Kveik*, sem hóf göngu sína 7. nóvember 2017. Í *Kveik* var áhersla lögð á rannsóknarblaðamennsku reyndra fréttamanna, og fjallað ítarlega um fjölbreytt málefni, innlend sem erlend. Umræðuþátturinn *Silfrið* var á dagskrá einu sinni í viku yfir vetrartímann en þar var farið yfir fréttatengd málefni liðinnar viku. Tákn málsfréttir voru fluttar daglega í sjónvarpi og voru jafnframt aðgengilegar í Sarpinum á RUV.is.

Þess má geta að árið 2017 var unnið að uppbyggingu nýs fréttastúdíós sem tekið var í notkun haustið 2018.

FRÉTTIR OG FRÉTTATENGT EFNI (KLST.)	2014	2015	2016	2017
RÚV	400	478	489	448
RÚV2	0	6	1	5
samtals	400	484	490	453

Útvarp (Rás 1 og Rás 2)

Útvarpsfréttatímar í beinni útsendingu voru 16-17 talsins daglega, auk veðurfrétta sem fluttar voru fimm sinnum á dag. Af fréttatengdu efni sem flutt var í útvarpi má nefna fréttaskýringaþáttinn *Spegilinn* á Rás 2 og Morgunvaktina á Rás 1, Morgunútvarpið og Síðdegisútvarpið á Rás 2 en framangreindir þættir voru á dagskrá alla virka daga. Þá var umræðuþátturinn *Vikulokin* á dagskrá alla laugardaga á Rás 1.

KrakkaRÚV flutti krakkafréttir vikunnar fjórum sinnum í viku í útvarpi, auk þess sem þær voru aðgengilegar á hlaðvarpinu og á vef KrakkaRÚV.

Vefur (RUV.is)

Fréttamenn voru á vakt allan sólarhringinn og uppfærðu vefinn RUV.is með nýjustu fréttum hverju sinni. Í ársskýrslu RÚV kemur fram að RUV.is hafi verið fjórði mest sótti vefur landsins 2017, með 97743 virkum, daglegum notendum. Fréttum RÚV og fréttaskýringum *Kastljóss* var einnig deilt á samfélagsmiðlum.

Af öðrum föstum verkefnum fréttastofunnar má nefna fréttannála í útvarpi og sjónvarpi, beinar útsendingar frá stefnuræðu forsætisráðherra, eldhúsdagsumræður á Alþingi og setningu Alþingis, auk umfjöllunar um kosningar til Alþingis 2017. Sérstakan kafla um kosningaumfjöllun RÚV fyrir alþingiskosningar 2017 má finna í kafla 3.2.2.

Sjónvarp

Fréttastofa RÚV flutti fréttir af innlendum og erlendum vettvangi árið 2017 og lagði áherslu á rannsóknarblaðamennsku í störfum sínum, ásamt fréttaskýringaþáttunum *Kveik* og *Kastljósi*.

Fréttaárið 2017 einkenndist meðal annars af óvæntum alþingiskosningum 28. október, byltingu gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi undir myllumerkinu #metoo, umræðum um uppreist æru, lögbanni sem lagt var á fréttaflokkning Stundarinnar og Reykjavík Media skömmu fyrir alþingiskosningar og fréttum af Brexit og fyrsta ári Donalds Trump á forsetastóli í Bandaríkjunum, svo fátt eitt sé nefnt. Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins 2017 segir að umfjöllun um neytendamál hafi verið aukin sem og beinar útsendingar af fréttum á erlendum vettvangi.

Fréttaskýringabátturinn Kveikur hlaut Edduverðlaunin 2018 í flokknum fréttar- eða viðtalsþáttur ársins. Þá hlaut Alma Ómarsdóttir, fréttamaður á RÚV, blaðamannaverðlaun 2017 fyrir rannsóknarblaðamennsku en verðlaunin voru veitt fyrir upplýsandi umfjöllun Ölmur um uppreist æru.

Fréttastofa RÚV naut mikils trausts á meðal almennings samkvæmt viðhorfsskönnunum MMR, sem gerðar voru í maí og nóvember 2017 en 69% svarenda sögðust bera mikið traust til fréttastofunnar í maí og 66% í nóvember.

Almannavarnir

Fjallað er um almannavarnahlutverk fréttastofu RÚV í kafla 3.4.4.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um viðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttar- og fréttaskýringarþjónustu um innlend og erlend málefni liðandi stundar, sbr. ákvæði 2.2 um fréttarþjónustu og fréttareglur í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

3.3.2 Kosningaumfjöllun Ríkisútvarpsins 2017

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:

Kynna framboð til almennra kosninga, helstu stefnumál framboðs, frambjóðenda og fylkinga eftir atvikum og greina ítarlega frá niðurstöðum kosninga. Þá skal það veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga, sem og fylkingum í þjóðar-atkvæðagreiðslum, jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráartíma í sjónvarpi. Ríkisútvarpið skal birta reglur þar að lútandi. Í alþingiskosningum er heimilt að takmarka útsendingartíma þeirra framboðs sem ekki bjóða fram í öllum kjördæmum þannig að þau fái hlutfall af heildarútsendingartíma til samræmis við það hlutfall kjördæma sem þau bjóða fram í. 7. tölulíður 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Einn þáttur í almannarþjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins er að sinna lýðræðislegum skyldum í aðdraganda kosninga. Þær skyldur felast í því að Ríkisútvarpinu ber að kynna með vönduðum og hlutlægum hætti framboð og stefnur stjórnmálaflokka í aðdraganda kosninga. Sama gildir um forsetakjör, þjóðaratkvæðagreiðslu og aðra sambærilega viðburði.

Ríkari kröfur eru gerðar til Ríkisútvarpsins en einkarekinna fjölmiðla hvað kosningaumfjöllun varðar. Ríkisútvarpinu ber sem dæmi að láta táknmálstúlkun fylgja sjónvarpsumræðum í aðdraganda kosninga en slíkar kröfur eru ekki gerðar til annarra fjölmiðla. Þetta kemur fram í kafla 2.2.2 í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins.

Gerðar eru meiri kröfur til Ríkisútvarpsins en einkarekinna fjölmiðla um kynningar á framboðum til almennra kosninga, sbr. 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. um skyldur Ríkisútvarpsins í aðdraganda kosninga. Með ákvæðinu var brugðist við ábendingum ÖSE til íslenskra yfirvalda, sem fram komu í skýrslu ÖSE um framkvæmd alþingiskosninga 2009. Í skýrslunni lagði ÖSE meðal annars til að settar yrðu reglur til að tryggja hlutlægni og jafnræði í umfjöllun fjölmiðla.

Einnig eru gerðar ríkari kröfur til Ríkisútvarpsins um hlutlægni og nákvæmni en annarra fjölmiðla. Í lögum

um Ríkisútvarpið er hlutlægniregluna að finna í 2. tölul. 4. mgr. 3. gr. Gildissvið þess ákvæðis er víðara en sambærilegrar reglu í 26. gr. laga um fjölmiðla, þar sem það tekur til frásagnar, túlkunar og dagskrárgerðar í miðlum Ríkisútvarpsins en 26. gr. laga um fjölmiðla tekur eingöngu til fréttar og fréttatengds efnis.

Árið 2017 fóru fram kosningar til Alþingis þann 28. október 2017 en boðað var til kosninganna með stuttum fyrirvara, þar sem slitnað hafði upp úr samstarfi ríkisstjórnarflokkanna á haustmánuðum.

Í greinargerð Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu 2017 kemur fram að settur hafi verið upp kosningavefur sem byggt hafi á vinnu fyrir þingkosningar ársins á undan, enda hafi hann gefist vel. Kjósendur gátu nálgast upplýsingar um öll framboð á vefnum, auk kosningaumfjöllunar RÚV í öllum miðlum. Ákvæðið var að bjóða aftur upp á kosningapróf á vefnum, þar sem kjósendur tóku afstöðu til sömu 30 fullyrðinga og frambjóðendum um ýmis mál. Samkvæmt upplýsingum Ríkisútvarpsins sendu fjölmargir frambjóðendur inn svör og um 95.000 kjósendur tóku prófið.

Hér á eftir verður farið yfir framkvæmd kosningaumfjöllunar Ríkisútvarpsins fyrir alþingiskosningar 2017.

Alþingiskosningar 28. október 2017

Skyldur Ríkisútvarpsins:

-Ríkisútvarpið skal birta reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar eigi síðar en þremur mánuðum fyrir kjördag. Ef boðað er til kosninga með skemmri fyrirvara skal Ríkisútvarpið birta reglur eigi síðar en tveimur vikum eftir að tilkynnt hefur verið um kosningarnar.

-Fyrir alþingiskosningar verður öllum framboðum gefinn kostur á eigin kynningu frambjóðenda sinna og stefnumála í sjónvarpi. Reglur þar um skulu liggja fyrir þremur mánuðum fyrir kjördag.

-Fyrir alþingiskosningar skal Ríkisútvarpið greina frá framboðum í öllum kjördæmum í landinu og kynna framboð og stefnumál. Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, grein 2.2.1.

Umfjöllun RÚV um alþingiskosningar 2017 hófst með leiðtogaumræðum 8. október 2017 en fjallað var ítarlega um kosningarnar í öllum miðlum Ríkisútvarpsins, á sérstökum kosningavef, í útvarpi, sjónvarpi og á samfélagsmiðlum.

Fyrirkomulag kosningaumfjöllunar RÚV var kynnt á vef RÚV 22. september 2017 og var sem hér segir:

- Kosningavefur RÚV vegna alþingiskosninga 2017 var opnaður í byrjun október og innihélt upplýsingar frá frambjóðendum og forystumönnum framboða. Þar mátti einnig nálgast alla kosningaumfjöllun RÚV, auk þess sem kjósendur gátu m.a. tekið kosningapróf og mátað sig við frambjóðendur í sínu kjördæmi
- Tveir umræðuþættir með leiðtogum stjórnsmálaflokka, 8. og 27. október
- Kastljós fjallaði um kosningamálefnið í fjórum þáttum, síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar
- 25 mínútna sjónvarpsviðtöl við formenn allra flokka í viðtalsþættinum Forystusætinu
- Kjördæmafundir í útvarpi með oddvitum allra framboða, síðustu þrjár vikur fyrir kosningar
- Málefnaumræða í útvarpi, í ýmsum þáttum Rásar 1 og 2
- Kosningaumfjöllun fyrir yngri kynslóðina á KrakkaRÚV
- Samfélagsmiðlar RÚV nýttir
- Kosningavaka í beinni útsendingu að kvöldi kjördags, 28. október

Gjaldfrjáls útsendingartími fyrir kynningarefni framboða

Auk framangreinds bauð Ríkisútvarpið framboðum frían útsendingartíma fyrir kynningarefni um stefnumál sín, í samræmi við 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Kynningarefni framboða var sýnt í síðustu vikunni fyrir kosningar. Tilkynning þar að lútandi voru sendar til frambjóðenda 22. september 2017 en forseti Íslands boðaði formlega til alþingiskosninga með óvenju skömmum fyrirvara eða 18. september 2017, tæpum sex vikum (40 dögum) fyrir kjördag. Í tilkynningu RÚV til frambjóðenda 22. september kom

fram að kynningarefnið þyrfti því að vera tilbúið og því skilað til RÚV eigi síðar en 16. október. Reglur um gjaldfrjálsan útsendingartíma voru birtar á vef RÚV 27. september eða rúmri viku eftir að boðað hafði verið til kosninganna.³

Reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar

Reglur um framkvæmd kosningaumfjöllunar fyrir alþingiskosningarnar 29. október voru birtar á vef Ríkisútvarpsins 27. september eða rúmri viku eftir að boðað var til kosninganna.⁴ Sem fyrr segir var boðað formlega til alþingiskosninga með óvenju skömmum fyrirvara eða tæpum sex vikum fyrir kjördag.

Umræðuþættir

Í fyrri leiðtogaumræðum RÚV 8. október 2017 var fulltrúum allra framboða sem sannanlega hugðust bjóða fram boðið að mætast í sjónvarpssal í beinni útsendingu í tæplega tveggja klukkustunda löngum þætti. Sett var sem skilyrði fyrir þátttöku að framboðin hefðu fengið listabókstaf en í ljósi þess hve skamman tíma framboðin höfðu til að undirbúa framboðslista var ekki gerð krafa um að þau hefðu birt fullmannaðan framboðslista. Þess í stað þurftu þau að hafa mannað og birt hálfan framboðslista, þ.e. efstu sætin á einum lista. Miðað var við að skilyrði fyrir þátttöku yrðu uppfyllt í síðasta lagi á hádegi 6. október, m.a. svo hægt væri að undirbúa stúdíóið, gera ráð fyrir réttum fjölda í setti, hanna lýsingu, grafík og svo framvegis.

Í síðari leiðtogaumræðum RÚV, kvöldið fyrir kosningar, var formönnum allra framboða sem buðu fram á landsvísi, þ.e. í öllum kjördæmum, boðið að mætast í sjónvarpssal í beinni útsendingu. Sendu stjórn mála-flokkarnir Dögun og Alþýðufylkingin frá sér harðorðar yfirlýsingar af því tilefni þar sem fyrirkomulagið var gagnrýnt en flokkarnir buðu ekki fram í öllum kjördæmum og var því ekki boðið að taka þátt.

Þess skal getið að í reglum um framkvæmd kosningaumfjöllunar kom fram að Ríkisútvarpið áskildi sér rétt til að takmarka þann fjölda framboða sem mætast hverju sinni í viðtals- eða umræðuþáttum, reyndist fjöldi framboða mikill, líkt og gert hafi verið fyrir alþingiskosningarnar 2016 og forsetakosningarnar 2016. Yrði nánari útfærsla á leiðtogaumræðum kvöldið fyrir kjördag kynnt þegar fjöldi framboða lægi fyrir. Markmiðið með þessu fyrirkomlagi var sem fyrr að stuðla að upplýstri umræðu í aðdraganda kosninga og skila áhorfendum innihaldsríkari og dýpri umræðum en umræður allra níu frambjóðendanna á sama tíma í umræðuþætti hefðu gert, sbr. fyrri tilvísanir í skýrslu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) um framkvæmd alþingiskosninganna 2013⁵ og í handbók Evrópuráðsins um fjölmiðla og kosningar frá árinu 1999.⁶

Þá var fjallað um framboðin og alþingiskosningarnar í fréttatímum RÚV í aðdraganda kosninganna. Um aðgang framboða að fréttum RÚV gilda reglur um takmarkanir á þátttöku framboða til almennra kosninga í dagskrá RÚV. Þar segir m.a. að fréttastofa og aðrar dagskrárdeildir skuli forðast að leiða frambjóðendur fram í fréttum, fréttatengdum þáttum eða annars staðar í dagskrá eftir að framboðsfrestur rennur út og þar til kosningar eru um garð gengnar, nema sterk rök mæli með nauðsyn þess að viðkomandi komi fram, eða til viðkomandi sé vitnað vegna sérstakra atvika. Þetta eigi þó ekki við þegar um er að ræða sérstakar dagskrár- eða fréttapistla sem samþykktir hafi verið í tilefni af kosningaundirbúningi. Í tilkynningu sem framboðum var send 22. september 2017 kom fram að gætt yrði að því að gera framboðum jafn hátt undir höfði en fréttamat gildi hverju sinni.

3 Kosningaumfjöllun RÚV fyrir alþingiskosningar 2017. Vefur RÚV, 27. september 2017. <https://www.ruv.is/i-umraedunni/kosningaumfjollun-ruv-fyrir-althingiskosningar-2017>

4 Sjá nmgr. 4

5 Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa ÖSE. Ísland. Alþingiskosningar 27. apríl 2013. Úttektarskýrsla ÖSE/ODIHR, 24. júní 2013. <http://www.osce.org/is/odihr/elections/iceland/103314?download=true>

6 Media and Elections. Handbook. Council of Europe Publishing, júní 1999.



ÁRNESHREPPUR

5 FULLTRÚAR

Á KJÖRSKRÁ: 46

KJÖRSÖKN: 93,5%

LOKATÖLUR

1	JÚLÍA FOSSDAL	24
2	ARINBJÖRN BERNHARDSSON	24
3	GUDLAUGUR AGNAR AGÚSTSSON	24
4	BJÖRN GUDMUNDUR TORFASON	23
5	EVA SIGURBJÖRNSDÓTTIR	23



Kvartanir og fyrirspurnir til fjölmiðlanefndar vegna umfjöllunar Ríkisútvarpsins fyrir alþingiskosningar 2017

Kvörtun Miðflokksins til stjórnar Ríkisútvarpsins

Engin kvörtun barst fjölmiðlanefnd vegna kosningaumfjöllunar fyrir alþingiskosningar 2017. Nefndinni barst hins vegar afrit af kvörtun Miðflokksins til stjórnar Ríkisútvarpsins, dags. 13. desember 2017, vegna kosningaumfjöllunar RÚV. Þar var kvartað yfir því að upptökur á málefnaþáttum RÚV hafi farið fram áður en flokkurinn hafi verið tilbúinn með framboðslista og málefnskrá og áður en framboðsfrestur til kosninganna hafi runnið en samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis rennur framboðsfrestur út 15 dögum fyrir kjördag.

Vert er að benda á það að reglur um framboðsfresti fyrir kosningar í íslenski löggjöf gera Ríkisútvarpinu að mörgu leyti erfitt fyrir þar sem framboðsfrestur rennur út afar skömmu fyrir kosningar. Til skýringar rennur framboðsfrestur út fimmtán dögum fyrir alþingiskosningar, þremur vikum fyrir sveitarstjórnarkosningar og fimm vikum fyrir forsetakosningar. Að auki þarf kjörstjórnunum að gefast tími til að fara yfir öll fram komin framboðsgögn, áður en auglýst er hverjir verða í kjöri.

Ekki er sjálfsgefið að allir einstaklingar eða flokkar, sem lýst hafa yfir framboði, nái því takmarki að safna tilskildum fjölda meðmælenda til stuðnings framboði sínu áður en framboðsfrestur rennur út. Því fæst ekki endanlega úr því skorið fyrr en fimmtán dögum fyrir alþingiskosningar hvaða framboð teljast gild.

Samkvæmt þeim kröfum sem gerðar eru, í lögum um Ríkisútvarpið og samningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, á Ríkisútvarpið að kynna framboð í öllum kjördæmum og helstu stefnumál þeirra. Umfjöllun Ríkisútvarpsins um framboð og frambjóðendur þarf því að hefjast mun fyrr en fimmtán dögum fyrir kosningar til að unnt sé að uppfylla lögbundnar kröfur.

Að mati fjölmiðlanefndar er nauðsynlegt að breyta reglum um framboðsfresti fyrir kosningar í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til Ríkisútvarpsins, eigi Ríkisútvarpinu að vera unnt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til kosningaumfjöllunar Ríkisútvarpsins í lögum um Ríkisútvarpið og þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 7. tölulið 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um kynningu á framboðum til almennra kosninga, helstu stefnumál frambjóðenda og fylkinga og niðurstöðum kosninga Ríkisútvarpið uppfyllti jafnframt kröfur um að veita öllum gildum framboðum til Alþingis og forsetakosninga jafnt tækifæri til að kynna stefnumál sín á hefðbundnum dagskráttíma í sjónvarpi og önnur skilyrði sem fram koma í 7. tölulið 2. mgr. 3. gr.

Þá er það mat fjölmiðlanefndar að Ríkisútvarpið hafi uppfyllt ákvæði samnings Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019, hvað varðar birtingu reglna um framkvæmd kosningaumfjöllunar og reglna um gjaldfrjálstan auglýsingatíma, sbr. ákvæði 2.2.1 í samningnum. Við mat á framangreindu leit nefndin m.a. til þess að boðað var til alþingiskosninga með óvenju skömmum fyrirvara, auk þess sem reglur um framboðsfresti fyrir kosningar í íslenski löggjöf gera Ríkisútvarpinu erfitt um vik að sinna lýðræðislegum skyldum sínum að þessu leyti.

3.4 Samfélagshlutverk

3.4.1 Stefnumótun og aðkoma almennings að henni

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannabágu með fyrirkomulagi sem nánar er kveðið á um í samþykktum Ríkisútvarpsins.

7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Í samþykktum fyrir Ríkisútvarpið ohf. sem síðast var breytt á hluthafafundi 20. janúar 2016 segir í lið 8.4 að árlega skuli haldið útvarpsþing, þar sem t.d. sé rætt um starfsemi Ríkisútvarpsins, hlutverk fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og hugmyndafræði þess.

Kynning á framtíðarstefnu RÚV til 2021

Ný stefna RÚV til ársins 2021 var samþykkt af stjórn RÚV í apríllök 2017 og kynnt í útvarpshúsinu 18. maí á ráðstefnunni „Fjölmiðlun til framtíðar“. Ráðstefnunni var sjónvarpað og eru stefnuskjöl og upptaka af ráðstefnunni aðgengileg á íslensku og ensku á vef RÚV (ruv.is/2021). Fjölmarginir komu að gerð stefnunnar og var henni miðlað innanhúss sem utan-, tilkynning send á alla miðla, fyrirlestrar birtir á vefnum og stefnuskjal útbúið og sent á stjórnsmálsmenn. Þá var útbúinn stuttur stefnubæklingur, haldnir kynningar- og vinnufundir í öllum deildum og aðgerðaráætlanir uppfærðar. Einnig voru kynningarskjölum á ensku dreift til helstu samstarfsaðila RÚV erlendis, á borð við EBU og norrænar stöðvar. Í nýrri stefnu RÚV er m.a. lagt upp með að auka samtal og samvinnu við sjálfstæða framleiðendur og listamenn í landinu.

Hugmyndadagar RÚV

Hugmyndadagar voru haldnir í fyrsta skipti á RÚV í byrjun október 2017 og verða eftirleiðis fastur þáttur í starfsemi RÚV vor og haust ár hvert. Gestir Hugmyndadaga RÚV að vori og hausti 2017 voru 140 talsins en á Hugmyndadögum gefst almenningi kostur á að kynna fyrir dagskrárstjórum hugmyndir að efni til dagskrárgerðar í öllum miðlum RÚV. Í þetta skipti var kallað eftir hugmyndum og tillögum að dagskrárefni fyrir ungt fólk. Alls bárust 217 hugmyndir og eftir að valnefnd hafði farið í gegnum þær voru 90 hópar og einstaklingar boðaðir á fund í útvarpshúsinu til að kynna hugmyndir sínar nánar. Samkvæmt upplýsingum frá RÚV hafa á þriðja tug verkefna þegar orðið að veruleika, eru í þróun eða í frekari skoðun. Markmiðið er að auka enn fjölbreytni í dagskrárframboði RÚV, opna hugmyndaþróun og styrkja samtalið á milli RÚV og sjálfstæðra framleiðenda.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið með því að skapa vettvang fyrir aðkomu almennings að stefnumótun fjölmiðlunar í almannapágu árið 2017.

3.4.2 Skoðunarferðir og fræðsluheimsóknir fyrir almenning

Auk þess að leita eftir hugmyndum almennings að efni til dagskrárgerðar tók Ríkisútvarpið á móti fjölda gesta í útvarpshúsinu árið 2017 eða að meðaltali 4-5 hópum í viku hverri. Þeirra á meðal voru háskólanemar en einnig ýmsir hópar með sérsniðnar óskir; gestir frá þjónustumiðstöð Sjálfsbjargar, unglingasmiðju Reykjavíkurborgar, Tröð, Klúbbnum Geysi, Stíg o.fl. Þar fyrir utan tók RÚV og KrakkaRÚV á móti mörgum hópum grunnskólabarna. Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að ráðgert hafi verið að bjóða einum árgangi hvers skóla í fræðsluheimsókn í húsnæði RÚV árið 2018.

Til að mæta betur fjölda beiðna af yngra skólastigi og koma beiðnum í skýrari farveg tók RÚV höndum saman við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og býður nú 10. bekkingum í Reykjavík að þiggja leiðsögn um starfsemina og heldur auk þess kynningu á nýrri þjónustu fyrir unglinga í 8.-10. bekk sem kölluð er UngRÚV. Í greinargerð Ríkisútvarpsins segir að samstarfið hafi hafist í október og hafi 23 hópar frá 16 skólum heimsótt Útvarpshúsið þegar greinargerðin var rituð. Einnig er tekið á móti skólahópum utan af landi, eftir samkomu-lagi.

Opið var vikulega og boðið upp á leiðsögn í sýningarskálanum Gestastofu RÚV, sem hefur þann tilgang að miðla sögu Ríkisútvarpsins og fjölmiðlunar á Íslandi. Loks tók fjöldi gesta þátt í útsendingum RÚV í Útvarpshúsinu og á öðrum vettvangi.

3.4.3 Þjónusta við landsbyggðina

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Fjöldi stöðugilda Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni árið 2017 var sá sami og árið 2016 eða þrettán:

Fréttir: 7,3 stöðugildi

IDD (innlend dagskrárdeild sjónvarps): 3,2 stöðugildi

Rás 2: 0,5 stöðugildi

Tölvudeild: 1 stöðugildi

Auglýsingadeild: 1 stöðugildi

RÚV starfrækir svæðisstöðvar á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og í Borgarnesi. Stærsta starfsstöð RÚV á landsbyggðinni er RÚVAK á Akureyri og er landsbyggðarþjónustu stýrt þaðan. Að auki ferðast starfsmenn fréttastofu og dagskrárdeilda um landið til að safna efni í fréttir og dagskrá.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

3.4.4 Öryggismál og almannahlutverk

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Ríkisútvarpið skal í samvinnu við til þess bær stjórnvöld tryggja nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og þegar við á eftir öðrum boðleiðum. Ríkisútvarpið skal í því skyni setja sér öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um land allt og á næstu miðum.

5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal starfa eftir öryggisstefnu til að tryggja upplýsingamiðlun og þjónustu þegar vá ber að höndum. Útvarpsstjóri skipar öryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum Ríkisútvarpsins. Öryggisnefnd skal, að fengnu áleti og í samstarfi við Almannavarnir og aðrar viðeigandi stofnanir, útbúa öryggisstefnu Ríkisútvarpsins og sjá til þess að henni sé framfylgt. Öryggisstefnan skal lúta að innra og ytra öryggi, viðbragðsáætlunum vegna vár og reglulegu öryggismati.

Ef ofangreindu má ná fram með auknu samstarfi við aðrar stofnanir, s.s. Almannavarnir, ríkislögreglustjóra eða Neyðarlínuna, með sama eða lægri tilkostnaði og nú er gert, skal Ríkisútvarpið hlutast til um að gengið skuli til slíks samstarfs.

Aðgerðir og viðmið

-Ríkisútvarpið skal setja sér nýja og endurskoðaða öryggisstefnu fyrir 1. nóvember 2016.

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

Fréttastofa RÚV er hluti af almannavörnum og sinnir öryggisþjónustu vegna jarðhræringa, veðurs, ófærðar og annarra stóratburða með þeim hætti að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar, þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið, og senda beint og fyrirvaralaust út í sjónvarpi og útvarpi er almannahagsmunir liggja við. Á það við um hamfarir af hvaða tagi sem er af völdum náttúrunnar eða önnur tilvik. Miðlun upplýsinga á slíkum tímum felst í almennum fréttum og ekki síður að veita upplýsingum til fólks sem hætta er búin eða er á hamfarasvæðum. Þetta er á meðal þess sem fram kemur í öryggisstefnu Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpið er í góðu samstarfi við Almannavarnir, Veðurstofuna og Landsbjörg um miðlun upplýsinga. Fréttastofa RÚV sinnir öryggishlutverki sínu m.a. með því að fjalla um hugsanlega vá af ýmsu tilefni, þar sem hún reynir að leggja sitt af mörkum til koma í veg fyrir að fólk stefni sér í hættu, t.d. vegna snjóflóða, eiturefna úr jökulkvísllum, hættu á vegum o.fl.

Fréttir eru sendar út á Rás 2 allan sólarhringinn, auk þess sem fréttastofa RÚV á greiða leið í útsendingu þegar mikið liggur við. Með uppbyggingu Ríkisútvarpsins á langbylgjustöðvum til hliðar við FM-kerfið er tryggt að dagskrárefni Ríkisútvarpsins, veðurfregnir og önnur áriðandi boð berist um landið, inn á hálendið og á haf út en langbylgjan hefur mikla yfirburði í langdrægni út á fiskimiðin miðað við FM-sendingar, eins og fram kemur á vef RÚV. Þá er langbylgjan einnig varaleið þegar bilanir verða í FM-kerfinu, auk þess sem langbylgjan fyllir gót í dreifingu FM til landsins upp til dala og fjalla og hefur samfellda viðtöku í bifreiðum um langar vegalengdir.

Öryggisstefna RÚV er tvíþætt og lýtur að innra og ytra öryggi.

Ytra öryggi

Til að tryggja ytra öryggi styðst Ríkisútvarpið við eigin búnað svo sem fjarskiptabúnað, dreifikerfi miðla Ríkisútvarpsins, þ. á m. rekstur tveggja langbylgjusenda sem ná til allra landsmanna.

Ríkisútvarpið kannar reglulega virkni búnaðar síns innanhúss og utan, til að tryggja órofna útsendingu miðla Ríkisútvarpsins, útvarps, sjónvarps og á vefnum. Ríkisútvarpið nýtir jafnframt aðrar leiðir til að koma upplýsingum á framfæri með sem skjótustum hætti.

Fréttastofa Ríkisútvarpsins hefur tekið saman áætlanir um fyrstu viðbrögð við vá eða hamförum. Þær áætlanir lúta að öflun upplýsinga og hraðri miðlun þeirra. Stuðst er við Öryggishandbók RÚV og aðrar áætlanir um framhald vinnu og miðlun nýrra upplýsinga í öllum miðlum Ríkisútvarpsins.

Fréttastofan hefur aðstöðu í stjórnstöð Almannaþjónustuhlutverki í Skógarhlíð og manna hana í samræmi við samkomulag útvarpsstjóra og ríkislögreglustjóra frá 23.12. 2004. Samband milli Skógarhlíðar og útvarpshúss er kannað reglulega.

Innra öryggi

Í höfuðstöðvum RÚV við Efstaleiti er varaafsstöð sem tryggir órofinn aðgang að raforku fyrir alla starfsemi hússins. Virkni hennar er könnuð reglulega. Þá er neyðarsendingarbúnaður í húsinu sem á að tryggja tímabundna útsendingu útvarps.

Við hönnun á kerfum og kaup á búnaði er haft í huga að hann sé sem öruggastur og í mörgum tilfellum tvöfaldur.

Ríkisútvarpið tryggir öryggi starfsmanna sinna og gesta með því að Útvarpshúsið er læst fyrir öðrum en starfsmönnum.

Öryggisnefnd Ríkisútvarpsins ber ábyrgð á því að öryggisstefnu Ríkisútvarpsins sé fylgt.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, um nauðsynlega öryggisþjónustu með upplýsingamiðlun um útvarp og öðrum boðleiðum og kröfur um öryggisstefnu um órofinn rekstur hljóðvarpsþjónustu um land allt og á næstu miðum, sbr. ákvæði 2.3.3 um öryggismál og almannahlutverk, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu 2016-2019.

3.4.5 Dreifikerfi

Skýldur Ríkisútvarpsins:

1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið
Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring.

Ríkisútvarpið hefur áratugum saman rekið eigið dreifikerfi sem hefur tvíþætt hlutverk: Í fyrsta lagi að miðla dagskrá miðla Ríkisútvarpsins til landsmanna. Í öðru lagi er dreifikerfið mikilvægur hlekkur í almannavörnum, líkt og fjallað er um í kafla 4.4. Dreifikerfið er víðfemt, með tæplega tvö hundruð FM-senda, tvo langbylgjusenda, hátt í hundruð sjónvarpssenda og gervihnattarútsendingar, auk nýs stafræns dreifikerfis en hlutar þessa kerfis eru komnir til ára sinna.

Sjónvarp

Í ársbyrjun 2015 opnaði RÚV í samstarfi við Vodafone nýtt stafrænt dreifikerfi fyrir sjónvarp, þar sem RÚV getur sent út á tveimur sjónvarpsrásum, auk tveggja útvarpsrásna, í meiri gæðum en fram að því höfðu þekkt. Með þessu nýja kerfi opnuðust möguleikar fyrir íbúa um allt land til að nálgast aðrar sjónvarpsstöðvar í gegnum viðbótarrásir en stafræna dreifikerfið nær til yfir 99,9% heimila á landinu.

RÚV og RÚV2 nást nú um allt land í gegnum nýtt stafrænt dreifikerfi RÚV, auk þess sem hægt var að nálgast dagskrána í gegnum Sarpinn árið 2017 (nú RÚV spilarann) og dreifikerfi fjarskiptafyrirtækjanna.

Stafrænar sjónvarpsútsendingar eru á útsendingarstaðlinum DVB-T og DVB-T2. Flest sjónvarpstæki sem seld hafa verið á Íslandi undanfarin ár styðja DVB-T og nýjustu tækin DVB-T2. Þeir sem eiga eldri tæki, t.d. túbusjónvörp eða eldri flatskjái, þurfa að kaupa stafræna móttakara til að ná stafrænum útsendingum.

Útvarp

Útvarpsstöðvunum Rás 1 og Rás 2 er dreift á FM-bylgjum um land allt, auk þess sem blönduð dagskrá rásanna er send út á langbylgju. Dagskrá Rásar 1, Rásar 2 og Rondó er einnig streymt á RÚV.is og í Sarps-appinu.

FM-útsendingar útvarps eru á mismunandi tíðni eftir staðsetningu á landinu. Á vef RÚV má finna upplýsingar um FM-tíðni Rásar 1 og Rásar 2 á ólíkum landssvæðum. Fram kemur á vefnum að FM-sendingar dragi að jafnaði aðeins rúmlega í sjónlínu. Þess vegna sé móttaka þeirra háð afstöðu sendis og viðtækis og landslaginu á milli. Að jafnaði megi búast við að aflmeiri stöðvar, í meiri hæð en aðrar staðbundnari stöðvar, geti heyrst lengra, sérstaklega á fjöllum sem nálgist sjónlínu við sendistaðinn. Þannig megi heyra Skálafellssendinn víða á fjöllum á vestanverðu landinu, Gagnheiði á Austfjörðum og Vaðlaheiði fyrir norðan. Einnig geti langdrægni verið góð yfir sjó, t.d. heyrir Vatnsendastöðin á sunnanverðu Snæfellsnesi og stöðin í Stykkishólmi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Engin áform um DAB-útsendingar

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisútvarpinu fer stærstur hluti útsendinga á höfuðborgarsvæðinu fram í gegnum DVB-senda á Vatnsenda og nota fjarskiptafyrirtæki og aðrir fjölmiðlar sér sendingaraðstöðuna á Vatnsenda að hluta til og í heild. Þaðan eru útsendingar á FM, þ.m.t. Rás 1, Rás 2 og Rondó og einnig tilraunaútsendingar á AM, auk sjónvarpsútsendinga á DVB-T og DVB-T2.

Engin áform eru uppi um að skipta úr FM-útsendingum yfir í stafrænar DAB-útsendingar, líkt og gert hefur verið í Noregi. Ríkisútvarpið hefur í hyggu, eins og aðrir almannajónustumiðlar á Norðurlöndum, DR, SR og YLE, að fylgjast með framvindu mála hjá Norðmönnum áður en ákvarðanir um DAB-útsendingar verða teknar.

Ríkisútvarpið gerir ráð fyrir að þurfa áfram að verja dágóðum hluta tekna sinna af útvarpsgjaldinu í viðhald og frekari uppbyggingu dreifikerfisins, enda er kerfið þess eðlis að það þarf að vera í sífelldri uppbyggingu og rekstri.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 1. málsl. 4. tölulið 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um dreifingu efnis til alls landsins árið um kring.

3.4.6 Aðgengismál.

Skyldur Ríkisútvarpsins:

4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efniinu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.

6. gr. laga um Ríkisútvarpið

2. mgr.

Ríkisútvarpið skal veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannapágu með textun á fréttum og öðru sjónvarps-efni, með textavarp, útsendingum á táknmáli og/eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma.

3. mgr.

Í samningi ráðherra við Ríkisútvarpið, sbr. 4. mgr. 2. gr., skal kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.¹

Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, grein 2.2.2

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laganna skal í samningi þessum kveðið á um hvernig best verði tryggt aðgengi og þjónusta við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

Ríkisútvarpið skal leitast við að nýta sér tæknilegar lausnir til tryggja aðgengi þeirra sem eru ófærir um að nýta sér þjónustu þess með hefðbundnum hætti. Það skal veita heyrnarskertum aðgang að fréttum og öðru sjónvarpsefni með textun í textavarp eða útsendingum á táknmáli eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni og eru í samræmi við tæknilega möguleika á hverjum tíma. Ríkisútvarpið skal leita leiða til að koma til móts við sjónskerta, með tæknilegum lausnum.

Aðgerðir og viðmið:

-Við kaup, framleiðslu, meðframleiðslu eða sýningu á öllu efni í dagskrá Ríkisútvarpsins skal tekið mið af því að aðgengi allra landsmanna sé sem best.

-Ríkisútvarpið skal senda út fréttir á táknmáli alla daga ársins.

-Hlutfall útsendinga á táknmáli á samningstímanum skal ekki vera minna en það var árið 2015.

-Táknmálsútlun skal fylgja sjónvarpsmæðum í aðdraganda kosninga.

-Öll forunnin innlend dagskrá skal textuð eftir því sem unnt er og sama gildir um undirbúin innlend innslög í aðalfréttatíma sjónvarps.

-Innlendir þættir sem ekki næst að texta fyrir frumsýningu skulu textaðir fyrir endursýningu.

-Fréttaskýringarþættir sem sendir eru út í beinni útsendingu skulu textaðir fyrir endursýningu.

Á heimasíðu Ríkisútvarpsins skal vera vefpula sem les upp texta.

Í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið kemur fram að efni Ríkisútvarpsins verði að vera aðgengilegt með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys. Nánar er fjallað um aðgengi og þjónustu við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu í 6. gr. laganna. Auk þess er fjallað um aðgengismál í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins og eru þau því á meðal áherslumála 2016-2019.

Í ársskýrslu RÚV 2017 segir að Ríkisútvarpið taki það hlutverk alvarlega að veita heyrnar- og sjónskertum viðtæka þjónustu jafnt við miðlun menningar sem upplýsinga er varði allan almenning.

Aðgangur að fréttum og öðru dagskrárefni fyrir heyrnarskerta

Textun í textavarp

Aðalfréttatími og íþróttir í sjónvarpi eru samtímatextaðar á síðu 888 í textavarp og Kastljós er sent út með texta í endursýningu. Allt innlent sjónvarpsefni, sem ekki er í beinni útsendingu, er jafnframt textað á síðu 888 í textavarpinu. Innlent efni sem sýnt er í beinni útsendingu er textað fyrir endursýningu. Unnið er að því að gera 888-textaþjónustuna aðgengilega á vefnum RUV.is.

Allt erlent efni, jafnt fréttir sem fróðleikur og afþreying, er þýtt og sent út með íslenskum texta, nema í fáeinum tilvikum, t.d. þegar erlent efni er sýnt í beinni útsendingu.

¹ Sjá einnig:

4. mgr. 6. gr. Ef rof verður á dagskrá eða fréttatímar sendir út við sérstakar aðstæður skal Ríkisútvarpið gera mikilvæg skilaboð og fréttir aðgengi-
legar heyrnarskertum með táknmálsútlun og/eða textun.

5. mgr. 6. gr.

Ríkisútvarpið skal leita leiða til að koma til móts við sjónskerta með tæknilegum aðferðum.

Táknmálsfréttir

RÚV flytur daglega fréttir á táknmáli og eru þær jafnframt aðgengilegar í Sarpinum á RUV.is.

Rittúlkun

Þegar flytja þarf fréttir af náttúruhamförum sem snerta alla landsmenn er kallaður til rittúlkur sem og þegar túlka þarf lengri viðtöl og annað efni í beinni útsendingu. Í aðdraganda kosninga er rittúlkur nýttur eftir föngum.

Tæknilegar lausnir fyrir sjónskerta**Vefpula**

Vefurinn er aðgengilegur skjálesurum sem blindir og sjónskertir nota og íslensk vefpula les upphátt allan texta á vefnum.

Táknmálstúlkun sjónvarpsumræðna í aðdraganda kosninga

Leiðtogaumræður í aðdraganda alþingiskosninga 2017 voru táknmálstúlkaðar á RÚV 2 og textaðar á síðu 888.

Aðgengismál	2014	2015	2016	2017
Samtímatextun á aðalfréttatíma á síðu 888 (hlutfall)	100%	100%	100%	100%
Táknmálstúlkun á fréttum og fréttatengdu efni (klst.)*	45	44	48	
Textun á síðu 888, frumsýningar (klst.) frumfl.IDD efni	186	185	301	252
Textun á síðu 888, endursýningar (klst.) endursýnt IDD efni	341	333	398	337

*Táknmálstúlkun var send út með umræðum í aðdraganda alþingiskosninga 2017 (óskráð í kerfi).

Staða fulltrúa nýrra Íslendinga

Þá er þess að geta að staða fulltrúa nýrra Íslendinga var auglýst í árslok 2017 en markmið starfsins er að sniða dagskrá og miðlun RÚV að þörfum þeirra sem ekki hafa fullt vald á íslenskri tungu.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 6. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. sömu laga, um aðgengi og þjónustu við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í grein 2.2.2 um aðgengismál í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins.

3.4.7 Jafn réttur karla og kvenna**Skýldur Ríkisútvarpsins:**

Ríkisútvarpið skal sinna lýðræðislegu hlutverki sínu m.a. með því að:
6. Hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá þess.
2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

2.3.5 Jafn réttur karla og kvenna

Ríkisútvarpið skal skv. 6. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna leggja áherslu á að hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi sinni og í dagskrá. Ríkisútvarpið skal setja sér jafnréttisáætlun sem skal endurskoðuð með reglubundnum hætti. Jafnréttisáætlun skal vera í samræmi við lög um Ríkisútvarpið nr. 23/2013, sem og önnur lög eftir því sem við á.
Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins

RÚV hefur sett sér skýr markmið um að ná jafnvægi milli kynja í hópi viðmælenda og er unnið að kynja-jafnrétti í starfsemi og dagskrá. Markmiðin eru þau að kynjahlutföll í allri dagskrá allra miðla séu algjörlega jöfn; að tekin séu viðtöl við jafnmargar konur og karla. Í greinargerð Ríkisútvarpsins kemur fram að þar sem fréttir endurspeglar samfélagið og ójöfn kynjahlutföll í valdastöðum í því samfélagi, t. a. m. í stjórnmálum og

stjórnunarstöðum í atvinnulífinu, séu ekki gerðar jafn ríkar kröfur til jafns hlutfalls kynjanna í fréttum. Hafi það viðmið verið sett að hlutfall kvenna sem viðmælenda í fréttum á ársgrundvelli yrði yfir 35% árið 2017 og myndi svo vaxa jafnt og þétt á næstu árum. Til að fylgjast markvisst með fjölda viðmælenda og byggja greiningu á marktækum gögnum hafi verið ákveðið að ráðast í umfangsmikla skráningu gagna um alla dagskrá á hverjum degi og hafi kynjahlutfall verið skráð með reglubundnum hætti í meira en 60 dagskrárliðum. Gerð hafi verið krafa um að ábyrgðarmenn hvers dagskrárliðar næðu jafnvægi í hópi viðmælenda og skráðu kyn þeirra jafnóðum í sérstakt forrit sem hannað hafi verið til að fylgjast með framvindunni. Dagskrárstjóri hvers miðils fylgir markmiðunum eftir frá degi til dags og sér stöðu einstakra þátta og miðilsins í heild. Ársfjórðungslega er safnað saman tölum fyrir alla miðla og RÚV í heild og tölurnar birtar opinberlega á vef RÚV. Með því móti skapast frekara aðhald og almenningur hefur tækifæri til að fylgjast með stöðu og árangri.

Kynjajafnvægi í allri dagskrá RÚV árið 2017

Mikill árangur hefur náðst og í febrúar 2018 var kynjauppgjör ársins 2017 birt opinberlega fyrir alla miðla RÚV. Niðurstaðan er jafnvægi í allri dagskrá RÚV þar sem hlutfall viðmælenda er eftirfarandi: karlar 51% en konur 49%. Tölurnar staðfesta mun betri árangur en birst hefur í öðrum könnunum. Í fréttum er lengra í land því að þar voru 64% viðmælenda karlar en 36% konur þrátt fyrir að gripið hafi verið til aðgerða til að fjölga viðmælendum í hópi kvenna, t.d. með því að fjölga álitsgjöfum úr hópi kvenna. Í skýrslu félags- og jafnréttisráðherra um stöðu jafnréttismála á Íslandi 2015–2017, sem kom út í mars 2018, er sýnilegur árangur RÚV staðfestur og tiltekið að innleiðing jafnréttisáætlunar og jafnara kynjahlutfalls meðal starfsfólks og stjórnenda hafi haft marktæk áhrif til jöfnunar á birtingamyndum kynjanna í fjölmiðlum.

Jafnréttisáætlun Ríkisútvarpsins

Ný jafnréttisáætlun RÚV með gildistímann 2015–2018 var kynnt í maí 2015 og er aðgengileg á vef RÚV. Í henni kemur fram að helstu markmið og aðgerðir RÚV í jafnréttismálum miði að því að tryggja jafnan sýnileika kynjanna í dagskrá RÚV, meðal dagskrárgerðarfólks, viðmælenda og í umfjöllunarefni, áframhaldandi kynjasamþættingarverkefni í miðlun RÚV, launajafnrétti á vinnustaðnum – að kynin fái sömu laun fyrir jafnverðmæt störf, jafnrétti í atvinnuauklýsingum, starfsþróun og ráðningum, jafna ábyrgð á fjölskyldu og heimili, að misrétti, einelti ofbeldi og/eða áreitni sé hvergi til staðar í starfsemi RÚV og stuðning við starfslok og góðan aðbúnað. Þess má geta að RÚV hlaut gullmerki jafnlaunaúttektar PWC vorið 2017.

Kynjahlutfall í dagskrá nánast jafnt 2017

Framangreindar aðgerðir hafa leitt til þess að hlutfall kynjanna í dagskrá RÚV, án fréttu, árið 2017 var orðið nánast jafnt eða 51% karlar og 49% konur. Hlutfall kynjanna í fréttatímum og fréttatengdum þáttum var 64% karlar og 36% konur, sem Ríkisútvarpið taldi skýrast af hærra hlutfalli karla í leiðandi stöðum í stjórnámálum og samfélaginu. Tölur fyrir 4. ársfjórðung sýndu jákvæða þróun í átt að meiri jöfnuði í fréttum. Samtals var hlutfall kynjanna, í dagskrá og fréttum Ríkisútvarpsins árið 2017, 58% karlar og 42% konur eða sama hlutfall og árið 2016.

Uppgjör kynjabókhalds 2017 - heild

Viðmælendaskráning 2017 - heild					
	KK	KVK	heildarfj.	KK%	KVK%
Rás 1	2112	2395	4507	47%	53%
Rás 2	1841	1420	3261	56%	44%
RÚV- sjónvarp	1517	1433	2950	51%	49%
Fréttir	7234	4113	11347	64%	36%
Dagskrá og fréttir	12704	9361	22065	58%	42%
Dagskrá RÚV	5470	5248	10718	51%	49%

Þá hefur Ríkisútvarpið staðið fyrir aðgerðum til að hvetja konur til þátttöku á sviðum þar sem þær hafa minna látið til sín taka en karlar og m.a. haldið námskeið í íþróttafréttamennsku fyrir konur, námskeið í spurningatækni fyrir Gettu betur spurningakeppnina, auk þess sem kynjakvóti hefur verið festur í sessi í keppnisliðum Gettu betur.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um að hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í starfsemi Ríkisútvarpsins og í dagskrá. Þá uppfyllti Ríkisútvarpið ákvæði 2.3.5 um jafnan rétt karla og kvenna, í samningi Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019.

3.5 Nýmiðlun og tækniþróun**Skyldur Ríkisútvarpsins:**

Ríkisútvarpið skal framleiða og miðla vönduðu og fjölbreyttu efni **með mismunandi tæknilegum aðferðum** til allra landsmanna óháð búsetu. Ríkisútvarpið skal gera ráðstafanir til að hægt sé að flytja fréttir og framleiða efni utan höfuðborgarsvæðisins með fastri starfsemi á völdum svæðum.

2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið

Ríkisútvarpið skal dreifa efni til alls landsins og næstu miða með a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá árið um kring. Enn fremur að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi **með öðrum miðlunarleiðum**, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efninu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.

(Leturbreytingar eru fjölmiðlanefndar.)

Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar í umhverfi fjölmiðla og til að uppfylla skyldur sínar um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu er mikilvægt að Ríkisútvarpið fylgist náið með þeim breytingum og endurspegli fjölmiðlanotkun Íslendinga á hverjum tíma með því að bjóða upp á fjölbreytt dagskrárefni með mismunandi miðlunarleiðum sem svara margvíslegum þörfum notenda. Úr þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, 2. mgr. 1. 1

Aukin áhersla á ólínulega miðlun, vef- og samfélagsmiðlun

Stefna RÚV til 2021 tekur mið af þeim breytingum sem eru að verða á neyslumynstri fólks, meðal annars því að ólínulegt áhorf og ólínuleg hlustun hefur stórkæst. Þetta kemur fram í ársskýrslu Ríkisútvarpsins 2017. Í stefnunni segir að til þess að almannabjónustumiðill geti uppfyllt grunnmarkmið sín til framtíðar verði hann að vera til staðar á hverjum þeim vettvangi sem fólk notar hverju sinni, bæði á hefðbundnum útvarps- og sjónvarpsrásum og öllum stafrænum miðlunarleiðum. Í ársskýrslunni segir jafnframt að með aukinni áherslu á ólínulega miðlun, vef- og samfélagsmiðlun sé leitast við að auka aðgengi að efni RÚV og mæta þörfum notenda.

Árið 2017 var sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins aðgengileg bæði í línulegri dagskrá og ólínulegri dagskrá í Sarpinum, Frelsi og hliðraðri dagskrá (tímaflakki/tímavél). Beinar útvarpsútsendingar voru aðgengilegar á FM tíðni, á vef Ríkisútvarpsins og í Sarpinum, auk þess sem eldri upptökur af útvarpsdagskrá var að finna í Sarpinum. Frétta- og afþreyingavefurinn RÚV.is var uppfærður allan sólarhringinn, alla daga ársins. Vefurinn er hannaður fyrir öll tæki, frá snjallsímum til spjaldtölva og stórra borðtölva. Þá var dagskrárefni RÚV deilt á samfélagsmiðlum á borð við Facebook, Instagram og YouTube, auk þess sem samfélagsmiðillinn Snapchat var notaður til kynningar á dagskrárefni en einnig frambjóðendum til alþingiskosninga o.fl.

Samkvæmt upplýsingum í ársskýrslu RÚV 2017 hafa númerðar verið skilgreindir sem eitt af dagskrár-sviðum RÚV samkvæmt nýju skipuriti og var vef- og nýmiðlasvið sameinað Rás 2 í árslok 2017.

Nýr menningarvefur

Stærsti áfangi ársins á nýmiðlasviði var opnun nýs menningarvefs, RÚVmenning.is, þann 1. september 2017. Þar sameinast menningarumfjöllun RÚV í öllum miðlum á einum stað, menningarfréttir, gagnrýni, viðtöl og önnur umfjöllun af ýmsu tagi. Í greinargerð Ríkisútvarpsins segir að nýr menningarvefur endurspegli fjölbreytta umfjöllun um allt frá hámenningu og heimspeki til poppmenningar í víðum skilningi.

Nýr spilari hannaður og smíðaður

Sarpurinn var „heimili“ alls sjónvarps- og útvarpsefnis árið 2017 en þangað bættust yfir 400 útvarps- og sjónvarpsþættir vikulega. Hægt var að nálgast Sarpinn á vef Ríkisútvarpsins og einnig í sérstöku smáforriti (Sarps-appi) fyrir snjalltæki. Sarps-appið var gert fyrir Android-tæki, iPhone og iPad.

Vinna við nýjan spilara fyrir sjónvarp og útvarp hófst árið 2017 og var lögð mikil vinna í að hanna og smíða spilarann og koma honum og snjallforritum í loftið á árinu 2018 í þeim tilgangi að bæta þjónustu við notendur. Er hugmyndin sú að spilarinn birtist fólki með samræmdum hætti, hvort sem er á vef, í appi eða sjónvarpsboxum símfélaganna. Í ágústlok 2017 hófst forritun af krafti og unnu að jafnaði þrír forritarar í nýja spilaranum hverju sinni en hann var kominn í loftið tæpum fimm mánuðum síðar.

Fram kemur í greinargerð Ríkisútvarpsins að með nýjum spilara á RÚV.is hafi allir möguleikar á framsetningu á ólínulegu efni stórbátnað. Á forsíðunni sé efni raðað eftir efnisflokkum þannig að almenningur geti með einföldum hætti fundið hljóð- og myndefni við sitt hæfi. Nýi spilarinn sé forritaður í React og sækir öll gögn í nýtt vefþjónustulag (API) sem hýst sé hjá Amazon og nýti ýmsa þjónustu frá þeim, t.d. ElasticSearch, Lambda functions og CloudFront. Í ársskýrslunni segir jafnframt að nýr spilari RÚV sé ekki bara uppfærsla á útliti, því gæði upptakna hafi verið stórlega aukin, skráning lýsigagna bætt og allt gagnalíkan RÚV endurhugað. Hafi tilkoma spilarans, ásamt flutningi rúv.is í skýið, gert RÚV kleift að mæta þörfum framtíðarinnar með öflugri ólínulegri miðlum. Allt miði það að því að mæta notendum á þeirra forsendum og auðvelda almenningi að nálgast allt efni RÚV.

RÚV núll - þjónusta við ungt fólk

Ný þjónusta við fólk á aldrinum 15-29 ára fékk heitið RÚV núll og var ráðinn sérstakur verkefnastjóri fyrir þá þjónustu. Áhersla RÚV núll er lögð á að framleiða vandað efni fyrir þennan aldurshóp, þar sem vefur og samfélagsmiðlar eru helsta miðlunarleiðin. Samkvæmt ársskýrslu RÚV sýna rannsóknir að ungt fólk vill gæðaeefni sem er framleitt með það í huga en vill ekki endilega nálgast það eftir hefðbundnum miðlunarleiðum útvarps og sjónvarps. Fyrsta verkefni RÚV núll var vefþáttaserían *Hvað í fjandanum á ég að kjósa?* þar sem ung kona ræddi við fulltrúa allra framboða. Í ársskýrslu RÚV kemur fram að stefnt sé að öflugri framleiðslu á efni fyrir þennan aldurshóp 2018. RÚV núll sé hluti af nýmiðlasviði sem endurspegli stafrænar áherslur þjónustunnar.

Kosningavefur og kosningapróf vegna alþingiskosninga 2017

Þar sem boðað var til alþingiskosninga með skömmum fyrirvara í október 2017 gafst lítill tími til að hanna nýjan kosningavef. Var því ákveðið að nýta útlit og virkni kosningavefsins frá alþingiskosningunum 2016 að mestu leyti. Kjósendur gátu nálgast upplýsingar um öll framboð á vefnum, auk kosningaumfjöllunar RÚV í öllum miðlum. Þá var ákveðið að bjóða aftur upp á vinsælt kosningapróf þar sem kjósendur tóku afstöðu til sömu 30 fullyrðinga og frambjóðendur um ýmis mál. Samkvæmt upplýsingum í ársskýrslu Ríkisútvarpsins sendu fjölmargir frambjóðendur inn svör og um 95.000 kjósendur tóku prófið.

Stórvíðburðir á vefnum

Landsmenn streymdu meira efni í gegnum netið en nokkru sinni fyrr í tengslum við HM í fótbolta sumarið 2017. Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins segir að þjóðin noti miðla RÚV aldrei eins mikið og í kringum stórvíðburði, á borð við kosningar, náttúruvár og menningar- og íþróttavíðburði sem sameini þjóðina. Séu einstakir víðburðir skoðaðir hafi leikur Íslands og Kosovo í undankeppni HM karla í knattspyrnu fengið mesta umferð á vefnum. Umferð um vef RÚV hafi þó verið mest í janúar 2017 þegar leit að ungri stúlku, Birnu Brjánsdóttur stóð yfir.

Notendur RÚV skoðuðu mun meira efni árið 2017 en árið á undan og vörðu að meðaltali tvöfalt lengri tíma á síðunni. Hlutfall þeirra vefnotenda sem heimsóttu vefinn og fóru beint þaðan út lækkaði um 14,54%. Hlutfall samfélagsmiðla jókst einnig og lætur nærri að fjórir af hverjum tíu komi á RÚV.is af samfélagsmiðli, þar sem Facebook er fremst í flokki.

Fjöldi heimsókna á vefinn árið 2017 var 139.020.584. Framboð af frumgerðu efni á vefnum í færslum talið var 27.222. Framboð af áður útsendu efni á vef var 16.070 útvarpsupptökur og 6907 sjónvarpsupptökur. Þá var öll útsend sjónvarps- og útvarpsdagskrá send út samtímis fyrir vef og snjalltæki.

Gagnvirkir efni fyrir börn og unglinga

Á vefnum KrakkaRÚV voru í boði gagnvirkir leikir og þjónusta, eins og vefsvæði Kóðans á KrakkaRÚV.is, þar sem börn gátu lært að forrita upp á eigin spýtur.

Lotugláp

Norska ungmennapáttaröðin *Skömm* (Skam) var sett í heild sinni í spílara á vef RÚV og í appi og hafði birting þeirra þar forgang fram yfir sýningar í sjónvarpi. Mun þetta vera í fyrsta sinn sem boðið var upp á svokallað „lotugláp“ hjá RÚV.

Hlaðvarp

Í hlaðvarpi RÚV, www.ruv.is/hladvarp, var hægt að nálgast þætti, sögur og leikrit áratugi aftur í tímann. Bryddað var upp á þeirri nýbreytni að hafa alla nýja bókmenntalestra aðgengilega í Hlaðvarpi RÚV. Þátturinn Í ljósi sögunnar, í umsjón Veru Illugadóttur, naut mikilla vinsælda eins og fyrra ár.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um framleiðslu og miðlun fjölmiðlaefnis með mismunandi tæknilegum aðferðum til allra landsmanna óháð búsetu, sbr. 2. mgr. 1.1 í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins.

Enn fremur uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið um að birta valda hluta efnis síns, breytta eða óbreytta, ásamt öðru efni í breyttu eða óbreyttu formi með öðrum miðlunarleiðum, þ.m.t. að gera efni aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að efniinu og/eða þjónustunni á þeim stað og á þeirri stundu er hann sjálfur kys.

3.6 Innra eftirlit og gæðamál

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Í starfsháttum sínum skal Ríkisútvarpið

1. Vera til fyrirmyndar um gæði og fagleg vinnubrögð.
 2. Ábyrgjast að sanngirni og hlutlægni sé gætt í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, leitað sé upplýsinga frá báðum eða öllum aðilum og sjónarmið þeirra kynnt sem jafnast.
 3. Sannreyna að heimildir séu réttar og að sanngirni sé gætt í framsetningu og efnistöðum.
 4. Virða friðhelgi einkalífsins í fréttum og dagskrárefni nema lýðræðishlutverk Ríkisútvarpsins og upplýsingaréttur almennings krefjist annars.
 5. Vera óháð stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum.
 6. Stunda vandaða og gagnrýna fréttamennsku og rýna m.a. störf yfirvalda, félaga og fyrirtækja sem hafa áhrif á hag almennings.
 7. Taka dagskrárávarðanir á eigin forsendum
4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Árið 2016 var sérstök siðanefnd RÚV sett á laggirnar og tóku siðareglur starfsmanna samhliða gildi 22. mars 2016. Siðareglurnar voru unnar af starfsfólki RÚV, með aðstoð sérfræðinga, m.a. frá Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, og voru settar í þeim tilgangi að stuðla að faglegum vinnubrögðum, draga úr hættu á hagsmunarárekstrum og auka traust til RÚV. Kveðið er á um að starfsfólk gæti að óhæði gagnvart stjórnmálalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Einnig að jafnræðis sé gætt þegar tekin er afstaða til óska hagsmunahópa. Starfsfólk þiggi ekki persónulegar verðmætar gjafir vegna starfs síns og leiti til yfirmanns verði það vart við ámælisvert athæfi. Siðanefnd RÚV sker úr um hvort siðareglur stofnunarinnar hafi verið brotnar. Öllum er frjálst að senda siðanefnd erindi en siðareglurnar má finna á vef RÚV. Til að senda erindi til siðanefndar smella notendur RÚV.is á flipann „hafa samband“ á svartri, lóðrétttri stiku lengst til hægri á heimasíðu RÚV og birtist þá m.a. valmöguleikinn „formlegt erindi til siðanefndar“.

Endurskoðaðar fréttareglur Ríkisútvarpsins tóku gildi 1. júní 2016 og voru birtar á vef Ríkisútvarpsins. Reglur um móttöku og meðferð erinda tóku gildi 27. mars 2017. Reglur um innra eftirlit og gæðamál tóku sömuleiðis gildi 27. mars 2017.

Með framangreindum reglum hefur Ríkisútvarpið sett skýran ramma utan um þau viðmið og gildi sem starfsmönnum RÚV ber að hafa í huga í störfum sínum til að hlutlægni, nákvæmni, sanngirni og fagmennsku sé gætt í starfseminni.

Viðhorf almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins

Í 3. mgr. 4.3 gr. þjónustusamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins segir að í greinargerð Ríkisútvarpsins til fjölmiðlanefndar skuli gera grein fyrir viðhorfi almennings til starfsemi Ríkisútvarpsins, eins og þau koma fram, m.a. í könnunum sem Ríkisútvarpið lætur gera og ábendingum.

Viðhorfskönnun Gallup

Í greinargerð Ríkisútvarpsins fyrir árið 2017 eru birtar niðurstöður könnunar Gallup frá maí 2017, á viðhorfi til Ríkisútvarpsins. Samkvæmt þeim finnst 72,2% svarenda miðlar Ríkisútvarpsins vera mikilvægastir fyrir þjóðina, 25,4% svarenda nefndu Ríkisútvarpið í heild, 28,6% nefndu RÚV (Sjónvarpið) eða Ríkissjónvarpið, 9,5% nefndu Rás 1, 6,1% Ruv.is og 2,6% Rás 2.

Þegar spurt var til hvaða fjölmiðils svarendur leituðu helst eftir fréttum og fréttatengdu efni kom í ljós að flestir fóru á Mbl.is eða 23,8%, næstflestir nefndu Ríkisútvarpið í heild eða 12,8%, þá kom Vísir.is með 12,5%, Ruv.is með 11%, RÚV (Sjónvarpið) með 4% og Morgunblaðið með 6,2%.

Þegar spurt var til hvaða fjölmiðils svarendur leituðu helst eftir íslensku efni og menningarefni kom í ljós að flestir nefndu RÚV (Sjónvarpið) eða 15,1%, þá kom Ríkisútvarpið í heild með 12,7%, Ríkissjónvarpið með 10,3%, Rás 1 með 8,6% og Mbl.is með 8%.

Þegar spurt var hversu jákvæðir eða neikvæðir svarendur væru gagnvart Ríkisútvarpinu kom í ljós að 33,4% voru mjög jákvæðir, 38,2% voru frekar jákvæðir, 18,4% svöruðu „hvorki né“, 5,4% voru frekar neikvæðir og 4,7% reyndust mjög neikvæðir.

Þegar spurt var að því hvaða leiðir svarendur notuðu til að nálgast dagskrárefni RÚV á netinu kom í ljós að flestir þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar horfðu eða hlustuðu í gegnum vafra á netinu, eða 51,1%, nokkru færri horfðu eða hlustuðu í gegnum smáforrit í snjallsíma eða spjaldtölvu, eða 23,1%, og enn færri horfðu eða hlustuðu í gegnum smáforrit í Apple TV, eða 5,5%. 40,1% sögðust ekki nota þjónustu RÚV með dagskrárefni á netinu eða í gegnum smáforrit. Þess skal getið að í þessari spurningu mátti nefna fleiri en einn svarmöguleika og eru hlutfallstölur því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Loks var spurt að því hversu ánægðir eða óánægðir svarendur væru með þjónustu RÚV í gegnum vafra eða smáforrit. Reyndust 21,9% svarenda mjög ánægðir, 55,2% frekar ánægðir, 18% svöruðu „hvorki né“, 3,8% voru frekar óánægðir og 1,1% svarenda voru mjög óánægðir með þjónustuna.

Könnun Gallup var framkvæmd á tímabilinu 17.-29. maí 2017 á netinu og var úrtakið 1556 manns af öllu landinu, 18 ára og eldri, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Könnun MMR á trausti til fréttastofu RÚV

Þá voru í greinargerð Ríkisútvarpsins 2017 birtar niðurstöður könnunar MMR á trausti til fréttastofu RÚV frá nóvember 2017. Samkvæmt þeim báru 66,4% svarenda mjög mikið eða frekar mikið traust til fréttastofu RÚV. Á hinn bóginn kváðust 15,2% svarenda bera mjög lítið eða frekar lítið traust til fréttastofunnar og 18,3% svarenda svöruðu „hvorki mikið né lítið traust“.

Fleiri konur en karlar báru mjög mikið eða frekar mikið traust til fréttastofunnar (70% kvenna og 62% karla). Þá báru fleiri höfuðborgarbúar en landsbyggðarbúar mjög mikið eða frekar mikið traust til fréttastofunnar (69% höfuðborgarbúa og 63% landsbyggðarbúa). Þegar litið var til atvinnugreina báru námsmenn og sérfræðingar mest traust til fréttastofunnar en stjórnendur/æðstu embættismenn og „ekki útvinandi“ báru minnst traust til fréttastofunnar.

Könnun MMR fór fram á tímabilinu 14.-17. nóvember 2017 á netinu og var úrtakið 944 einstaklingar, 18 ára og eldri, valdir handahófskennt úr hópi álitsgjafa MMR. Niðurstöður voru vigtaðar með tilliti til dreifingar aldurs, kynja, búsetu og menntunar í þýði.

Að mati fjölmiðlanefndar uppfyllti Ríkisútvarpið þær kröfur sem gerðar eru í 4. mgr. 3. gr. laga um Ríkisútvarpið, sbr. grein 2.4 í þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins, um starfshætti, innra eftirlit og gæðamál.

3.7 Kvartanir til fjölmiðlanefndar vegna viðskiptaboða og dagskrárefnis

Ýmsar sérreglur gilda um viðskiptaboð á miðlum Ríkisútvarpsins og er fjölmiðlanefnd ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að þeim. Með hugtakinu viðskiptaboð er m.a. átt við auglýsingar, kostun og vöruinnsetningar.


Samkvæmt 7. gr. laga um Ríkisútvarpið eru vöruinnsetningar alfarið bannaðar í miðlum Ríkisútvarpsins. Kostun dagskrárefnis á RÚV er óheimil, nema um sé að ræða innlenda íþróttaviðburði, og umfjöllun um þá, eða íburðarmikla dagskrárliði. Auglýsingar í sjónvarpi mega ekki vara lengur en í 8 mínútur á hverri klukkustund og óheimilt er að birta viðskiptaboð á vefnum RUV.is, svo nokkuð sé nefnt.

Um Ríkisútvarpið gilda einnig almenn lög um fjölmiðla. Því eru t.d. viðskiptaboð fyrir áfengi, tóbak, lyfseð-

ilsskyld lyf og happdrættis- og veðmálastarfsemi, sem ekki hefur leyfi hér á landi, óheimil í miðlum RÚV, eins og í öðrum fjölmiðlum. Þá ber Ríkisútvarpinu m.a. að standa vörð um friðhelgi einkalífs, tryggja vernd barna gegn skaðlegu efni í myndmiðlum, veita rétt til andsvara þegar það á við og gæta að hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni.

Notendur miðla Ríkisútvarpsins geta beint kvörtunum til fjölmiðlanefndar telji þeir að Ríkisútvarpið hafi brotið gegn 7. gr. laga um Ríkisútvarpið eða gegn ákvæðum laga um fjölmiðla. Sé um að ræða kvörtun vegna beiðni um andsvar eru þau skilyrði sett í lögum að kvartandi eigi einstaklingsbundinna, lögvarinna hagsmuna að gæta og að kvörtun hafi verið beint til Ríkisútvarpsins áður en kvartað er til fjölmiðlanefndar.

Mikilvægt er að notendur fjölmiðla hafi aðgang að skýru og gagnsæu kvartanaferli. Flæðiritið hér að neðan skýrir ferli almennra kvartana sem berast fjölmiðlanefnd, hvort sem þær varða efni RÚV eða annarra fjölmiðla.



3.7.1 Kvartanir vegna dagskrárefnis

Árið 2017 kvartaði stjórnmalaflokkur yfir meintum brotum RÚV á 26. gr. laga um fjölmiðla í aðdraganda alþingiskosninga 2016. Óskað var eftir því að kvartandi afmarkaði kvörtunina frekar, með því að vísa til tiltekinnna dagskrárliða, en þar sem engin svör bárust við þeirri beiðni var málið látið niður falla.

Árið 2017 kvartaði einstaklingur yfir umfjöllun Kastljóss um lán Seðlabankans til Kaupþings 2008. Niðurstaða fjölmiðlanefndar var sú að ekki væri tilefni til að taka málið til efnislegrar meðferðar, með vísan til m.a. tjáningarfrelsis fjölmiðla og forgangsroðunar nefndarinnar.

3.7.2 Kvartanir vegna viðskiptaboða

Kvartanir

Tvær kvartanir vegna viðskiptaboða á RÚV bárust fjölmiðlanefnd á árinu 2017 en voru ekki teknar til efnislegrar meðferðar:

- Kvartað var yfir ætlaðri áfengisauglýsingu fyrir Egils Gull á RÚV þann 26. desember 2016 kl. 22:08. Í kjölfarið óskaði nefndin eftir nánari upplýsingum frá Birtingahúsinu og reyndist umrædd auglýsing hafa verið merkt „2,25%“ með vísan til áfengisinnihalds, auk þess sem í henni var ekki vísað til alþjóðlegra verðlauna sem áfengari drykkur með sama vörumerki hafði fengið. Taldi fjölmiðlanefnd ekki tilefni til að taka málið til efnislegrar meðferðar.
- Kvartað var yfir ætlaðri kostun og vöruinnsetningu í þættinum Andri á flandri í túristalandi og WOW-leikunum á RÚV og var í kjölfarið óskað eftir því að kvartandi skýrði kvörtunina frekar. Engin svör bárust við þeirri beiðni og var málið látið niður falla.

Ákvarðanir

Tvær ákvarðanir vegna brota RÚV á reglum um viðskiptaboð voru birtar árið 2017 en málin voru tekin til meðferðar á grundvelli kvartana sem bárust fjölmiðlanefnd árið 2016:

- Í ákvörðun nr. 1/2017 komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að með kostun á dagskrárliðunum Árið er – Upprifjun á Eurovision, Popp og roksögu Íslands, Vikunni með Gísla Marteini, Hraðfréttum, Útsvari, Óskalgögum Þjóðarinnar og Íþróttalífínu hafi Ríkisútvarpið brotið gegn 2. mgr. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.
- Við meðferð málsins, og í kjölfar athugasemda fjölmiðlanefndar, gerði Ríkisútvarpið grundvallarbreytingar á skilmálum RÚV um auglýsingar sem fólu í sér töluverða tekjuskerðingu fyrir félagið, miðað við fyrri framkvæmd. Í ljósi þessa ákvað fjölmiðlanefnd að falla frá sektarákvörðun í málinu.
- Í ákvörðun nr. 3/2017 komst fjölmiðlanefnd að þeirri niðurstöðu að með sýningu á kostunarstiklu fyrir Egils Gull, sem miðlað var á RÚV dagana 1., 2., 3., 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 19. júní 2016, hafi Ríkisútvarpið ohf. brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Að mati fjölmiðlanefndar var efnislegt innihald kostunarstiklunnar í meginatriðum hið sama og innihald viðskiptaboða fyrir Egils Gull sem fjallað var um í ákvörðun nr. 2/2016 og í ákvörðun nr. 7/2016 og varðaði brot Ríkisútvarpsins gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Var Ríkisútvarpinu gert að greiða stjórnvaldssekt að upphæð 600.000 kr. vegna brotsins.

3.8. Fjárhagslegur aðskilnaður almanna- og samkeppnisþjónustu

Skyldur Ríkisútvarpsins:

Fjárhagslegur aðskilnaður

Halda skal fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannapágu skv. 3. gr. aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess. Er Ríkisútvarpinu óheimilt að nota fjármuni frá rekstri skv. 3. gr. til þess að greiða niður kostnað vegna annarrar starfsemi. Rekstrarafgang af starfsemi dótturfélaga skal nýta til starfsemi skv. 3. gr. og eftir atvikum til að auka eigið fé samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

5. gr. laga um Ríkisútvarpið

Eftirlit og mat

Ríkisútvarpið skal láta fjölmiðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannapjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tillit til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmiðlanefnd skal njóta liðsinnis Ríkisendurskoðunar í þessu efni.

2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga um Ríkisútvarpið skal Ríkisútvarpið láta fjölmiðlanefnd í té upplýsingar til að hún geti sannreynt og metið gagnsæi og hlutlæga kostnaðargreiningu á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggða á ársreikningi næstliðins árs, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur.

Í ársreikningi Ríkisútvarpsins ohf. gerir Ríkisútvarpið grein fyrir rekstrartekjum og -gjöldum vegna almannaðjónustu annars vegar og samkeppnisþjónustu hins vegar.

Þar kemur fram að hagnaður af reglulegri starfsemi Ríkisútvarpsins hafi verið **200.928 millj. kr. eftir skatta**.⁷ Hagnaður og heildarafkoma af rekstri Ríkisútvarpsins hafi numið **321.277 millj. kr.** eftir skatta á árinu 2017. Hafi þetta verið þriðja árið í röð sem afkoma Ríkisútvarpsins hafi verið jákvæð. Ekki hafi komið til greiðslu tekjuskatts á árinu 2018 vegna ársins 2017 þar sem félagið hafi átt uppsafnað skattalegt tap frá fyrri árum.

Rekstrartekjur vegna almannaðjónustu árið 2017 voru 4.129.043 millj. kr. en rekstrartekjur vegna samkeppnisreksturs 2.322.371 millj. kr. fyrir skatta. Rekstrargjöld vegna almannaðjónustu voru 5.190.143 millj. kr. en 452.691 millj. kr. vegna samkeppnisreksturs. Samanlagðar rekstrartekjur félagsins af bæði almannaðjónustu og samkeppnisrekstri voru 6.451.414 millj. kr.

Aðrar tekjur stöfuðu af söluhagnaði vegna endanlegs uppgjörs sölu á byggingarétti á lóð við Efstaleiti í október 2015, og námu 174.302 millj. kr. fyrir skatta. Í ársskýrslu kemur fram að Ríkisútvarpið hafi ráðstafað ábata af sölu byggingaréttarins til niðurgreiðslu skulda. Hafi hagnaður af sölu byggingaréttarins verið færður í ársreikningi 2016 og 2017 og leiði til mestu skuldalækkunar í sögu félagsins.

Einnig kemur fram í ársskýrslu Ríkisútvarpsins að eiginfjárlutfall félagsins hafi batnað umtalsvert á síðustu árum, sé nú 26,1% en hafi verið 6,2% í lok ársins 2015.

Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins segir að breytingar í starfsemi og stefnu á síðustu fjórum árum hafi skilað sér í umtalsverðri hagræðingu og jafnvægi sé komið á í rekstri félagsins. Markmiðið hafi verið að hagræða í ytri umgjörð og rekstri en verja dagskrá eins og kostur er og sé stór hluti Útvarpshússins nú leigður út. Stöðugildi hafi að meðaltali verið 260 á árinu 2017 en þeim hafi fækkað á undanförunum árum. Til samanburðar hafi stöðugildi verið 297 árið 2013 og 324 árið 2008.

⁷ Hagnaður vegna almannaðjónustu og samkeppnisrekstrar, að frádregnum söluhagnaði vegna annarra tekna (sölu byggingaréttar á lóð við Efstaleiti).

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2017

	2017
Rekstrartekjur	4.129.043
Almannaðjónusta	2.322.371
Samkeppnisrekstur	6.451.414
Aðrar tekur	
Söluhagnaður	174.302
	174.302
Rekstrargjöld	
Almannaðjónusta	- 5.190.143
Samkeppnisrekstur	- 452.691
Afskriftir	- 315.896
	- 5.958.730
Rekstrarhagnaður	666.986
Fjármunatekjur	1.891
Fjármagnsgjöld	- 282.463
Gengismunur	- 11.184
Hrein fjármagnsgjöld	- 291.756
Hagnaður fyrir tekjuskatt	375.230
Tekjuskattur	- 53.954
Hagnaður og heildarafkoma	321.277

Úr ársreikningi Ríkisútvarpsins ohf. 2017.

Fjárhagslegur aðskilnaður

Í 5. gr. laga um Ríkisútvarpið segir að halda skuli fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlaþjónustu í almannaðjágu skv. 3. gr. aðskildum frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins eða dótturfélaga þess. Ríkisútvarpinu sé óheimilt að nota fjármuni frá rekstri fjölmiðlaþjónustu í almannaðjágu til að greiða niður kostnað vegna samkeppnisreksturs. Þá skuli nýta rekstrarafgang af starfsemi dótturfélaga til fjölmiðlaþjónustu í almannaðjágu og eftir atvikum til að auka eigið fé samkvæmt nánari ákvörðun aðalfundar.

Efni greinarinnar á rætur að rekja til leiðbeinandi reglna ESA um ríkisstyrki á sviði útvarpsþjónustu í almannaðjágu. Samkvæmt reglunum skal vera skýr og viðeigandi aðskilnaður á útvarpsþjónustu í almannaðjágu og þeirri þjónustu, sem ekki telst til opinberrar þjónustu og er þess krafist til að tryggja gagnsæi og ábyrga notkun á opinberu fé en einnig svo ESA sé unnt að rannsaka t.d. meintar víxlniðurgreiðslur.

Í 2. mgr. 15. gr. segir að hlutlæg kostnaðargreining á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins ohf., sem fjölmiðlanefnd er ætlað að sannreyna og meta, skuli byggð á ársreikningi félagsins, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur.

Ítarlega kostnaðargreiningu á rekstri fjölmiðils í almannaðjógu annars vegar og rekstri samkeppnisreksturs hins vegar er að finna undir lið 4 í skýringum við ársreikning Ríkisútvarpsins, sem fjallar um rekstur deilda. Þar kemur fram að rekstrartap, fyrir afskriftir, *af fjölmiðli í almannaðjógu* árið 2017 hafi verið **1.061.100 millj. kr.** Rekstrarhagnaður, fyrir afskriftir, *af samkeppnisrekstri* 2017 hafi verið **1.869.681 millj. kr.**

Rekstur fjölmiðils í almannaðjógu greinist þannig:

2017

Þjónustutekjur.....	4.107.596
Styrkir og aðrar tekjur.....	21.448
	<u>4.129.043</u>

Réttindagreiðslur vegna dagskrár.....	- 1.058.924
Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostn. vegna dagskrár.....	- 2.732.501
Tæknikostnaður, rekstur áhalda og tækja og hugbúnaður.....	- 332.671
Kostnaður vegna dreifikerfis.....	- 461.590
Annar beinn kostnaður vegna dagskrár.....	- 245.827
Kostn. vegna skrifstofu útvarpsstjóra, fjármáladeildar og stjórnar.....	- 266.377
Rekstur húsnæðis og annar rekstrarkostnaður.....	- 288.444
Hlutdeild samkeppnisrekstrar í kostnaði.....	196.191
	<u>- 5.190.143</u>

Rekstrartap af fjölmiðli í almannaðjógu.....	- 1.061.100
--	-------------

Rekstur samkeppnisrekstrar greinist þannig:

2017

Tekjur af samkeppnisrekstri.....	2.322.371
Hlutdeild í kostnaði fjölmiðlaþjónustu.....	- 196.191
Beinn kostnaður vegna samkeppnisrekstrar.....	- 256.500
	<u>- 452.691</u>

Rekstrarhagnaður af samkeppnisrekstri.....	1.869.681
--	-----------

Úr ársreikningi Ríkisútvarpsins ohf. 2017.

Ársreikningur Ríkisútvarpsins er áritaður af löggiltum endurskoðendum Endurskoðendajónustunnar ehf., Sveini R. Reynissyni og Hinriki Gunnarssyni, sem eru óháðir Ríkisútvarpinu í samræmi við settar siðareglur

fyrir endurskoðendur á Íslandi. Er það þeirra álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, og að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja það álit á.

Fjölmiðlanefnd vísar til álits hinna löggiltu endurskoðenda hvað varðar gagnsæi og hlutlægni í kostnaðargreiningu á almannaðjónustuhlutverki Ríkisútvarpsins, byggðri á ársreikningi 2017, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Fjölmiðlanefnd hefur ekki forsendur til annars en að treysta mati hinna löggiltu endurskoðenda á því að ársreikningur Ríkisútvarpsins sé fram settur í samræmi við þau lög og reglur sem um starfsemina giltu árið 2017

Stofnun dótturfélaga um samkeppnisrekstur

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um rekstur og aðgreiningu rekstrarþátta Ríkisútvarpsins, sem út kom í nóvember 2018, benti ríkisendurskoðandi m.a. á að Ríkisútvarpinu beri að uppfylla lagalegar skyldur um stofnun dótturfélags fyrir aðra starfsemi en fjölmiðlun í almannaðjógu.

Gildistöku 4. gr. hefur í tvígang verið frestað af löggjafanum og tók ákvæðið fyrst gildi þann 1. janúar 2018. Lagaleg skylda Ríkisútvarpsins til að stofna dótturfélög um samkeppnisrekstur var því ekki fyrir hendi árið 2017, á því reikningsári sem er til umfjöllunar í skýrslu þessari.

Breytingar Ríkisútvarpsins á samningum við sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur

Breytingar Ríkisútvarpsins á samningum við sjálfstæða framleiðendur voru samþykktar af stjórn Ríkisútvarpsins í nóvember 2017 og hafa verið gagnrýndar af kvikmyndaframleiðendum og Samtökum iðnaðarins, m.a. fyrir það að fela í sér lækkun sýningarréttargjalds og að hlutfallsleg eignamyndun Ríkisútvarpsins, í þeim verkefnum sem það fjármagnar, sé of mikil miðað við framlag stofnunarinnar og þá fjárhagslega áhættu sem hún tekur. Þá sé ekki skýrt hvort slík meðframleiðsla teljist hluti af rekstri Ríkisútvarpsins vegna fjölmiðlaþjónustu í almannaðjógu eða til samkeppnisreksturs. Samtök iðnaðarins sendu mennta- og menningarmálaráðuneytinu erindi í ágúst 2018, með afriti á fjölmiðlanefnd, þar sem þau bentu m.a. á framangreint.

Framangreindar breytingar á samningum við sjálfstæða framleiðendur voru gerðar seint á árinu 2017 og barst fjölmiðlanefnd afrit af erindi Samtaka iðnaðarins í ágúst 2018. Þær koma því ekki til skoðunar í mati fjölmiðlanefndar fyrir reikningsárið 2017.



4. VIÐAUKI

1. Auglýsingar og kostun

Í ársskýrslu Ríkisútvarpsins kemur fram að tekjur RÚV á rekstrarárinu 2017 af sölu auglýsinga og kostana hafi numið 2.038.006.306 kr. Auk þess birtir Ríkisútvarpið í ársskýrslu sinni lista yfir þá dagskrárliði sem voru kostaðir og þá dagskrárliði sem voru rofnir með auglýsingum 2017 en þeir eru eftirfarandi:

Kostaðir dagskrárliðir 2017:

Alla leið, Álfukeppnin í fótbolta, Bikarkeppni í handbolta, Bikarkeppni í körfubolta, Bikarkeppni í blaki, EM í frjálsum íþróttum, EM kvenna í fótbolta, HM í sundi, Eurovision, Fangar, Hestaíþróttir, HM í frjálsum íþróttum, HM í handbolta, HM félagsliða, HM og heimsbikarmót í skíðaiþróttum, Íslandsmótið í fimleikum, Íslandsmótið í keilu, Íslandsmótið í golfi og golfmótaröðin, Íslandsmótið í handbolta, Íþróttamaður ársins, Landsleikir í fótbolta, Landsleikir í handbolta, Landsleikir í körfubolta, Meistaradagar í íþróttum, Menningarnótt, Mótorsport, Reykjavíkurlaikarnir, Reykjavíkurmaraþon, Skólahreysti, Söfnunarútsending og Söngvakeppnin.

Dagskrárliðir rofnir með auglýsingahléum 2017:

Alla leið, Eurovision, Eddan, Gettu betur, Gríman, Íþróttamaður ársins, Menningarnótt, Meistaradagar, Reykjavíkurlaikarnir, Skólahreysti, Söfnunarútsending, Söngvakeppnin, Tónlistarverðlaunin og Útsvar.

2. Listi yfir efni sýnt frá sjálfstæðum framleiðendum á RÚV 2017

Kvikmyndir		Framleiðandi	Fj. þátta
5.3.2017	Frost	KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS EHF	1
12.3.2017	Monster	FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON	1
14.4.2017	Prestir	NIMBUS ICELAND EHF	1
15.4.2017	Bakk	MYSTERY ÍSLAND EHF	1
30.4.2017	Petta reddast	KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS EHF	1
25.5.2017	Síðasti veturinn / The Last Winter	GEMSAR EHF	1
16.6.2017	Split	FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON	1
17.6.2017	Kristnihald undir jökli	KVIKMYNDAFÉLAGIÐ UMBI	1
17.6.2017	Með allt á hreinu	BJARMALAND EHF	1
30.7.2017	XL	ÞINGMAÐURINN EHF	1
8.9.2017	Ein gráða / One point O	FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON	1
29.9.2017	Veðmálið / The Wager	FRÍÐRIK ÞÓR FRÍÐRIKSSON	1
22.10.2017	Morðsaga	KVIKMYNDAFAFN ÍSLANDS	1
25.12.2017	Hjartasteinn	JOIN MOTION PICTURES EHF	1

Stuttmyndir

8.1.2017	Hjónabandssæla	DUNDUR OG DRUNUR SLF	1
15.1.2017	Brynhildur og Kjartan	LITLA GULA HÆNAN	1
22.1.2017	Karlsefni	KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS	1
29.1.2017	Leitin að Livingstone	KVIKMYNDAFÉLAGIÐ HUGHRIF EHF	1
13.4.2017	Regnbogapartý	ASKJA FILMS EHF	1
14.4.2017	Ungar	GEMSAR EHF	1
17.6.2017	Búi	GEMSAR EHF	1
6.8.2017	Góður staður	KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS	1

Leikrit

7.1.2017	Njála	LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR SES	1
1.10.2017	Með fulla vasa af grjóti	ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ	1

Leikið efni,
íslenskt

1.1.2017	Fangar	MYSTER ÍSLAND EHF	6
12.2.2017	Reykjavík	KVIKMYNDAFÉLAG ÍSLANDS EHF	2
23.2.2017	Hulli II	RVK STUDIOS EHF	8
16.4.2017	Líf eftir dauðann	SAGA FILM HF	2
3.9.2017	Loforð	HREYFIMYNDASMIÐJAN EHF	4
31.12.2017	Áramótaskaup 2017	GLASS RIVER EHF	1

Heimildamyndir og þáttaraðir

1.1.2017	Jökullinn logar	HOME TEAM EHF	1
8.1.2017	Ránsfengur	P/E EHF	1

MAT FJÖLMIÐLANEFNDAR Á ALMANNAÞJÓNUSTUHLUTVERKI RÚV 2017

25.1.2017	Heiti potturinn	ASKJA FILMS EHF	1
25.1.2017	Veðrabrigði	SEYLAN EHF	1
1.2.2017	Keep Frozen	SKARKALI EHF	1
13.2.2017	Fangar: Á bak við tjöldin	MYSTER ÍSLAND EHF	1
22.2.2017	Finndið	TRUENORTH EHF	1
28.2.2017	Boxið 2016	SAMTÖK IÐNAÐARINS	1
7.3.2017	Halli sigurvegari	ÞROSKAHJÁLP LANDSSAMTÖK	1
15.3.2017	16 Years till Summer	VINTAGE PICTURES EHF	1
14.4.2017	InnSæi	K.Ó. FRAMLEIÐSLA EHF	1
23.4.2017	Ljúfi Vatnsdalur	ÞETTA LÍF, ÞETTA LÍF EHF	1
1.5.2017	Línudans	AXFILMS EHF	1
8.5.2017	Svala í LA	LES FRÉRES STEFSON EHF	1
23.5.2017	Ég man þig - bak við tjöldin	GEMSAR EHF	1
25.5.2017	Eldhuginn Sigurður A. Magnússon	LYKILVERK EFH	1
29.5.2017	Blindsker	ROKKLAND EHF	1
4.6.2017	Fjallabræður í Abbey Road Studios	REPUBLIK EHF	1
5.7.2017	Laufaleitir	LAUFALEITIR EHF	1
31.7.2017	Act Alone	BALDUR PÁLL HÓLMGEIRSSON	1
27.8.2017	Sögustaðir með Einari Kárasyni	REYKJAVÍK FILMS EHF	4
6.9.2017	Vive la France	FELIX FILM AB	1
6.9.2017	Vatnajökull - Eldhjarta Íslands	LÍFSMYND	4
11.9.2017	Sporlaust / Out of thin air	SAGA FILM HF	1
11.10.2017	Á bak við tréð	NETOP FILMS EHF	1
15.10.2017	Leikfélag Akureyrar í 100 ár	FLUGA HUGMYNDAHÚS EHF	1
26.10.2017	Spólað yfir hafið	REPUBLIK EHF	2
23.11.2017	Jóhanna	REYKJAVÍK FILMS EHF	2
10.12.2017	Noregsævintýri Húna	JANUS BRAGI JAKOBSSON	1
18.12.2017	Sýning sýninganna / The Show of Shows	SAGA FILM HF	1
27.12.2017	Ljóðmunaskáldið	JÓN EGILL BERGPÓRSSON	1

Ýmsar þáttaraðir

21.3.2017	Opnun	OFVITINN EHF	6
15.8.2017	Með okkar augum VII	ELÍN SVEINSDÓTTIR	6
30.3.2017	Framapot	SAGA FILM EHF	6
1.11.2017	Hæpið	PURKUR EHF	2
7.9.2017	Hásetar	SKOT - PRODUCTIONS EHF	6
19.1.2017	Andri á flandri í túristalandi	PEGASUS EHF	8
12.12.2017	Aðstoðarmenn jólasveinanna	REPUBLIK EHF	13

Tónlist og menning

27.8.2017	Akureyrarvaka 2017	N4 EHF	1
13.8.2017	Söngvaskáldin og Sinfó	STÚDÍÓ SÝRLAND EHF	1
7.8.2017	Fiskidagstónleikar á Dalvík 2016	RIGG EHF	1

6.11.2017	Skálmöld og Sinfó	SENA RÉTTINDASVIÐ	1
25.5.2017	Tónsmiðjan	FÉLAG ÍSLENSKRA KVENNA Í TÓNLIST	1
29.12.2017	Retro Stefson - allra síðasti sjens	REPUBLIK EHF	1



